SKÁKSAMBAND ÍSLANDS

STOFNAÐ 1925

Ársskýrsla 2021–22

Ársreikningar 2021

Skýrsla stjórnar

SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

fyrir starfsárið

29. maí 2021 – 21. maí 2022

Lögð fram á 97. aðalfundi

Efnisyfirlit

Fundargerð aðalfundar 2021 5
Skipan stjórnar og starfsnefnda 18
Stjórnarfundir 18
Starfsmaður og skrifstofa 19
Skýrsla skólastjóra Skákskóla Íslands 20
Ýmis starfsemi 22
Heimasíða SÍ 22
Félagagrunnur SÍ 22
Fréttabréf SÍ 22
Skákhlaðvarpið 22
Skákvarpið 22
Landsliðsverkefni 22
Skák í skóla 23
Alþjóðlegir áfangar 23
Skákdagurinn 23
Innlend mót 24
Skákþing Íslands 2022 — landsliðsflokkur 24
Íslandsmót kvenna 2021 25
Skákþing Íslands 2021 – áskorendaflokkur 26
Skákþing Íslands 2022 – áskorendaflokkur 27
Íslandsmót skákfélaga 2021–2022 28
Íslandsmót unglingasveita 2021 33
Friðriksmót Landsbankans – Íslandsmótið í hraðskák 2021 36
Íslandsmót kvenna í hraðskák 2021 39
Íslandsmótið í atskák 2021 40
Ungmennameistaramót Íslands 2021 (u22) 41
Íslandsmót ungmenna 2021 43
Íslandsmót grunnskólasveita 2022 47
Íslandsmót barnaskólasveita 2022 48
Íslandsmót barnaskólasveita, 1.–3. bekkur 49
Íslandsmót grunnskólasveita 2022, stúlknaflokkur 50
Landsmótið í skólaskák 2022 53
Íslandsmót öldunga 2021 53
Íslandsmótið í Fischer-slembiskák 2021 54
Kviku Reykjavíkurskákmótið – EM einstaklinga 2021 54
Kviku Reykjavíkurskákmótið 2022 56

Einvígi Vignis og Tiger Hillarp Persson 57
Skák á Reykjavíkurleikunum – RIG 2022 58
Mjóddarmótið í skák 61
Skákmót og landskeppni erlendis 62
Norðurlandamót 62
Norðurlandamót ungmenna 2021 (Norðurlandamótið í skólaskák) 62
Norðurlandamót grunn- og barnaskólasveita 2021 63
Evrópumót 65
EM landsliða 2021 65
Evrópumót einstaklinga 2022 66
Evrópumót ungmenna 2021 í netskák 67
Evrópumót taflfélaga 2021 69
Heimsmeistaramót 70
Heimsbikarmótið 2021 70
FIDE Grand Swiss 2021 70
Viðaukar 71
Forsetar Skáksambands Íslands 71
Heiðursfélagar Skáksambands Íslands 72
Skákmeistarar Íslands 1913–2022 73
Íslandsmeistarar kvenna 1975–2021 75
Íslandsmeistarar skákfélaga 1975–2022 76
Hraðskákmeistarar Íslands 1945–2020 77
Atskákmeistarar Íslands 1988–2020 78
Aðildarfélög Skáksambands Íslands 79
Fjárhagslegar upplýsingar 80
Ársreikningur SÍ 2021 .....
Fjárhagsáætlun SÍ 2022–23 .....
Ársreikningur Skákskóla Íslands 2021 .....

Fundargerð aðalfundar 2021

Fundargerð aðalfundar 2021

Aðalfundur Skáksambands Íslands 2021, haldinn í Skákhöll TR í Faxafeni 12, Reykjavík, 29. maí kl. 10.00 – 13.05.

1. Forseti SÍ setur fundinn og lætur kjósa fundarstjóra og fundarritara
Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands, setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og fagnaði góðri mætingu. Hann stakk upp á **Ágústi Sindra Karlssyni** sem fundarstjóra og **Helga Árnasyni** sem fundarritara. Var tillaga forseta samþykkt með lófaklappi og tóku þeir Ágúst Sindri og Helgi þegar til starfa og allt til enda aðalfundar.

2. Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar
Fundargerð síðasta aðalfundar lá fyrir fundinum í Ársskýrslu Skáksambands Íslands 2020–2021. Athugasemd um fundargerðina kom frá Oddgeiri Á. Ottesen. Hann taldi óeðlilegt að félög sem tækju ekki þátt í Íslandsmóti skákfélaga væru að senda fulltrúa á Aðalfund SÍ með atkvæðisrétti. Rangt var greint frá því hverjir sátu í dómstól SÍ (rétt nöfn eru tilgreind í fundargerð frá árinu áður, þ.e. fyrir 2018).

3. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn
Kristján Örn Elíasson, formaður kjörbréfanefndar, rifjaði upp reglur um fundarsókn og gerði síðan grein fyrir kjörbréfum og kannaði fundarsókn.
Alls sendu 11 aðildarfélög SÍ kjörbréf. Við upphaf aðalfundar voru mættir alls 35 fulltrúar sem höfðu atkvæðisrétt. Kjörbréf voru samþykkt samhljóða. Þegar á fundinn leið höfðu fimm skráðir kjörbréfafulltrúar bæst í hóp fundarmanna og höfðu þá alls 40 fulltrúar atkvæðisrétt. Nánar tiltekið var mæting sem hér segir:

Félag	Fjöldi mættra, við upphaf fundar og síðar
TR	6+1
SSON	4+2
Víkingaklúbburinn	3
Fjölnir	5
Breiðablik	2
SA	4
Huginn	4
TG	0+1
TV	2
Vinaskákfélagið	3
Haukar	2

Dagskrártillaga kom frá Þorsteini Magnússyni, formanni laganefndar, um að liður 13 „Umræður um breytingar á lögum og keppnisreglum“ yrði tekinn fyrir sem liður 9 og aðrir dagskrárliðir færðust í framhaldinu aftar á dagskrá fundarins um einn tölulið. Ef breytingatillögurnar yrðu samþykktar yrði kosið í embætti og nefndir samkvæmt nýjum lögum. Dagskrártillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

4. Forseti flytur skýrslu stjórnar
Skýrsla stjórnar hafði legið fyrir á vef sambandsins nokkrum dögum fyrir aðalfundinn og var að auki fyrirliggjandi á fundinum. Forseti fór yfir alla helstu skákviðburði frá síðasta aðalfundi í júní 2020. Þrátt fyrir alla erfiðleika og takmörkun á fjölda samankomna síðastliðið ár tókst að ljúka nánast öllum Íslandsmótum á mótaáætlun og nú síðast Íslandsmóti skákfélaga, síðari hluta, fyrr í maímánuði. Keppt var um Íslandsbikarinn í fyrsta sinn. Fyrsti sigurvegari Íslandsbikarsins reyndist vera Hjörvar Steinn Grétarsson, sem vann einnig Landsliðsflokkinn í fyrsta skipti og komst yfir 2.600 stiga múrinn með glæsilegum árangri á þessum mótum. Nánast ekkert var um skákmót erlendis í raunheimum vegna heimsfaraldursins. Virkni skákmanna og þátttaka í skákmótum var í gegnum netskák og átti það bæði við um einstaklingskeppni og sveitakeppni. Reykjavíkurskákmótið 2021 er komið á dagskrá í ágúst næstkomandi og verður EM einstaklinga hluti af því móti. Þetta viðamesta mót Skáksambandsins mun fara fram á Hótel Natura. Með góðum stuðningi Reykjavíkurborgar, ríkisins og Kviku banka, auk þátttökugjalda, er gert ráð fyrir að fjárhagslega standi mótshaldið undir sér og þessi skákveisla laði til sín allt að 400 þátttakendur. Allar frestanir á mótaáætlun SÍ kröfðust erfiðra en snöggra ákvarðana og vissulega reyndi þar á stjórn Skáksambandsins. Nokkrar nýjungar hafa orðið til á Covid-19 tímum. Þar má nefna Skákvarpið, Skákhlaðvarpið og notkun vefmyndavéla. Má fullyrða að þessar nýjungar hafi „slegið í gegn“ hver um sig. Engin Norðurlandamót né Evrópumót voru haldin í raunheimum en í staðinn nokkur netmót. Nokkur Evrópumót eru á dagskrá í haust og ákvarðanir um Norðurlandamót í skólaskák og skólasveita ættu að liggja fyrir fljótlega. Eins og áður segir verður Reykjavíkurskákmótið/EM einstaklinga sett í ágúst og Íslandsmót skákfélaga væntanlega haldið í Egilshöll í október. Á næsta ári verða liðin 50 ár frá „Einvígi aldarinnar“ sem haldið var í Laugardalshöll. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um hvernig einvígisins verður minnst hér á landi en viðburðurinn þykir meiri með hverju ári, heimsviðburður í skáksögunni og heimssögunni.

5. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum síðasta árs
Þorsteinn Stefánsson, gjaldkeri SÍ, gerði grein fyrir reikningum sambandsins. Áhrif Covid-19 faraldursins á rekstur Skáksambandsins voru umtalsverð á árinu 2020. Starfsemin var minni og viðburðum frestað eða þeir felldir niður. Fyrir fram innheimtar tekjur nema samkvæmt þessu 12 milljónum króna, mest fyrir fram greiddir styrkir vegna viðburða sem frestað var á árinu 2020 og munu fara fram síðar. Hagnaður ársins nam því 4.744.845 kr. Heildareignir sambandsins 31. desember 2020 námu 66.806.720 kr. og var eigið fé jákvætt um 53.874.210 kr. Allur yfirdráttur sambandsins, þ.m.t. skammtímaskuldir, var gerður upp á rekstrarárinu. Reikningar voru bornir upp eftir að gjaldkeri hafði lokið máli sínu og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. Fjárhagsáætlun 2021, sem gerir ráð fyrir tekjum og gjöldum upp á 70.000.000 kr., var einnig samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5a. Heiðursfélagi SÍ
Forseti gerði það að tillögu sinni að tilnefna **Þorstein Þorsteinsson,** fyrrverandi skólameistara og forseta Skáksambands Íslands 1984–1986, heiðursfélaga Skáksambands Íslands og var Þorsteini afhentur áritaður skjöldur því til staðfestingar. Fundarmenn risu úr sætum og fögnuðu nýjum heiðursfélaga með löngu lófataki. Nýi heiðursfélaginn ávarpaði fundinn með nokkrum orðum. Hann sagðist afar þakklátur fyrir þann heiður og sóma sem honum væri sýndur og óskaði íslenskri skákhreyfingu alls hins besta í framtíðinni.

6. Umræður um skýrslu stjórnar, störf stjórnarinnar og afgreiðsla reikninga
Engar umræður voru bókaðar í fundargerðina af hálfu fundarritara.

7. Inntaka nýrra félaga
Hið nýendurvakta félag **Skákfélagið Goðinn** óskaði bréflega eftir að fá inngöngu og aðild að Skáksambandi Íslands. Með inntökubeiðninni fylgdu upplýsingar um stjórn Goðans, kennitala félagsins, heimilisfang, símanúmer og netfang. Fjöldi meðlima er 58. Inntökubeiðnin var samþykkt með lófaklappi.

8. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og tillaga stjórnarinnar um árgjöld sambandsins. Almennar umræður og afgreiðsla.
Þessi liður var afgreiddur um leið og umræður um skýrslu stjórnar (sjá 6. lið).

9. Umræður og breytingar á lögum og keppnisreglum Skáksambandsins
Lagðar voru fram nýjar og uppfærðar tillögur að lögum Skáksambands Íslands og að Skáklögum Skáksambandsins. Þorsteinn Magnússon tók til máls og sagði frá vinnu laganefndar. Því næst hafði Helgi Áss Grétarsson framsögu um tillögu að „Lögum Skáksambands Íslands“ og að því búnu hafði Þorsteinn Magnússon framsögu um tillögu að „Skáklögum Skáksambands Íslands“.

LÖG SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

I. kafli Almenn ákvæði, hlutverk og stjórnkerfi

1. grein. Heiti og aðsetur
Skáksamband Íslands (SÍ) er landssamband íslenskra skákfélaga. Heimili sambandsins og varnarþing er í Reykjavík. Sambandið er aðili að Alþjóða skáksambandinu (FIDE), nema að aðalfundur ákveði annað. Jafnframt er sambandið aðili að öðrum alþjóðlegum samtökum skákmanna sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

2. grein. Hlutverk og tilgangur SÍ
SÍ er æðsti aðili skákhreyfingarinnar á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

a. að fara með yfirstjórn íslenskra skákmála,

b. að vinna að eflingu skákarinnar í landinu og standa vörð um hagsmuni ísl. skákmanna,

c. að efla og treysta samskipti sambandsfélaganna innbyrðis,

d. að setja íslensku skákhreyfingunni lög og reglur og að framfylgja þeim,

e. að annast þátttöku og val á keppendum sem keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum vettvangi, hvort sem um er að ræða liða- eða einstaklingskeppni,

f. að annast erlend samskipti, m.a. með því að greiða fyrir samskiptum við skákmenn annarra þjóða.

SÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust þegar kemur að stjórnmálum og trúarbrögðum. SÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Jafnræði fyrir lögum og reglugerðum SÍ skal virt í hvívetna.

3. grein. Stjórnkerfi SÍ
Málefnum SÍ stjórna:

a. aðalfundur sem fer með æðsta vald í málefnum SÍ og setur lög sambandsins, sem og skáklög sem gilda m.a. um mótahald á vegum þess,

b. stjórn SÍ sem fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli aðalfunda,

c. fastanefndir SÍ sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum SÍ og starfsreglum sem stjórn SÍ setur þeim,

d. sérstakar nefndir sem skipaðar eru af aðalfundi eða stjórn SÍ og starfa að afmörkuðum málefnum,

e. annað hvort forseti í launuðu starfi, sbr. 11. gr., eða framkvæmdastjóri SÍ, sem ábyrgð ber á daglegum rekstri sambandsins.
Dómstóll SÍ er á einu dómstigi og starfar samkvæmt þessum lögum, skáklögum SÍ og öðrum reglum sem falla undir valdsvið hans.

II. kafli Aðild að SÍ og aðalfundur

4. grein. Aðild að SÍ og brottvikning félags

Með samþykki aðalfundar getur skákfélag orðið aðili að SÍ. Á milli aðalfunda getur stjórn SÍ veitt félagi inngöngu í sambandið. Félag telst þó ekki fullgildur aðili þess fyrr en inntakan hefur hlotið samþykki aðalfundar. Fulltrúar slíks félags mega sitja aðalfund með tillögurétti og málfrelsi uns fjallað hefur verið um inngöngu þess á fundinum. Félag sem sótt hefur um inngöngu í SÍ og hlotið samþykki stjórnarinnar til þess skal fá aðgang að mótum SÍ fram að næsta aðalfundi. Skákdeildir í félögum geta átt aðild að sambandinu, enda hafi þá minnst 10 menn bundist slíkum samtökum. Heimilt er tveimur eða fleiri aðildarfélögum í sama landshluta að stofna með sér svæðissamband. Ekki má víkja aðildarfélagi úr sambandinu nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi. Brottvikning úr sambandinu þarf að styðjast við málefnaleg rök, svo sem að félag hafi um langa hríð ekki staðið skil á gjaldfallinni skuld til sambandsins og það hafi með grófum eða ítrekuðum hætti brotið gegn reglum sambandsins. Aðildarfélag, sem vikið hefur verið úr sambandinu, getur borið lögmæti brottvikningarinnar undir dómstól SÍ.

5. grein. Aðalfundur SÍ

Aðalfundur skal haldinn árlega, eigi síðar en 1. júní.
Stjórn SÍ ákveður fundarstað og skal hún boða fundinn með rafrænum hætti, eða öðrum sannanlegum hætti, með minnst eins mánaðar fyrirvara. Ef brýna nauðsyn ber til er heimilt að ákveða að fundurinn fari fram í gegnum fjarfundabúnað.
Fundurinn telst lögmætur ef rétt er til hans boðað.

6. grein. Atkvæðisréttur á aðalfundi

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi fer hvert félag með eitt atkvæði enda geti það sýnt fram á a.m.k. 10 félagsmenn með lögheimili á Íslandi og virka skákstarfsemi.
Eitt atkvæði bætist við hjá félagi fyrir hverja sveit sem það sendir á Íslandsmót skákfélaga það árið.
Standi aðildarfélag í gjaldfallinni skuld við sambandið hefur það ekki rétt til að eiga fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.
Við atkvæðagreiðslu um kjörbréf í upphafi fundar skal gilda sú regla að hvert félag fari ekki með fleiri atkvæði en það hafði á aðalfundi árið áður.
Hver kjörinn aðalfundarfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis.
Við atkvæðagreiðslur á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða, nema um þau mál sem sérstaklega eru tilgreind í þessum lögum.
Á aðalfundi má takmarka tillögurétt og málfrelsi þeirra fundarmanna sem ekki hafa rétt til að greiða atkvæði á fundinum. Þeir sem sitja í stjórn og varastjórn SÍ hafa þó ávallt tillögurétt og málfrelsi á aðalfundi.

> *Oddgeir Á. Ottesen lagði fram breytingartillögu við fyrstu málsgrein 6. greinar sem hljóðar upp á að eftirfarandi setning bætist við málsgreinina: „Eingöngu fulltrúar skákfélaga sem tóku þátt í nýliðnu Íslandsmóti skákfélaga hafa þó atkvæðisrétt um málefni sem varða Íslandsmót skákfélaga.“ Helgi Áss Grétarsson og Auðbergur Magnússon báðu um orðið varðandi breytingartillöguna og voru báðir andvígir. Breytingartillagan var síðan borin upp til atkvæða og felld með **19** atkvæðum gegn **8**.*

7. grein. Ársreikningur SÍ

Reikningsár SÍ hefst 1. janúar ár hvert. Ársreikningur, áritaður af löggiltum endurskoðanda, skal sendur aðildarfélögum og birtur á heimasíðu sambandsins 14 dögum fyrir aðalfund.

8. grein. Verkefni aðalfundar
Verkefni aðalfundar skulu vera þessi:
1. Forseti SÍ setur fundinn og lætur kjósa fundarstjóra og einn til vara og tvo fundarritara sem taka þegar til starfa.
2. Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar.
3. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn.
4. Forseti flytur skýrslu stjórnar.
5. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum síðasta árs.
6. Umræður um störf stjórnarinnar og afgreiðsla reikninga.
7. Inntaka nýrra félaga.
8. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og tillaga stjórnarinnar um árgjöld til sambandsins. Almennar umræður og afgreiðsla.
9. Kosning forseta fyrst (annað hvert ár), svo annarra stjórnarmanna og að lokum varastjórnar, sbr. 10. gr.
10. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
11. Kosnir 3 menn í kjörbréfanefnd og 3 til vara, til að athuga kjörbréf fyrir næsta aðalfund.
12. Kosnir 3 menn, þ.e. formaður og tveir meðdómendur, og þrír varadómendur í dómstól SÍ.
13. Kosnir 3 menn í kjaranefnd og einn til vara (annað hvert ár).
14. Umræður og breytingar á lögum og keppnisreglum (skáklögum) SÍ.
15. Önnur mál.
Röð verkefna má aðeins breyta með samþykki aðalfundar.
9. grein. Kosning heiðursfélaga
Aðalfundur getur kosið heiðursfélaga SÍ eftir tillögu sambandsstjórnar. Stjórn SÍ getur ákveðið að veita heiðursmerki SÍ, sem eru gullmerki og silfurmerki.

III. kafli Stjórn SÍ og stjórnunarhættir
10. grein. Kosning stjórnar SÍ
Stjórn SÍ er kosin á aðalfundi og hafa allir kjörnir aðalfundarfulltrúar atkvæðisrétt.
Stjórn SÍ skipa sjö menn, þ.e. forseti, varaforseti, ritari, gjaldkeri, æskulýðsfulltrúi og tveir meðstjórnendur. Fjórir menn sitja í varastjórn. Varamenn í stjórn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir.
Kosningar til forseta og stjórnar skulu vera leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal.
Fyrst skal kjósa beinni kosningu forseta til tveggja ára. Forseti skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.
Kjörtímabil annarra stjórnarmanna en forseta er til eins árs.
Tilkynning um framboð til embættis forseta SÍ skal berast skrifstofu SÍ minnst 10 dögum fyrir aðalfund. Hafi engin gild framboð til forseta borist innan tilskilins frests má hvenær sem er eftir það tilkynna um framboð, m.a. á aðalfundinum sjálfum.
Til að ná kjöri sem forseti SÍ þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný, bindandi kosningu, um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.
Kosning annarra stjórnarmanna en forseta skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bindandi kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.
11. grein. Staða forseta og framkvæmdastjóra
Heimilt er að forseti SÍ sé í föstu launuðu starfi fyrir sambandið, en fara þá skal eftir 13. grein við ákvörðun starfskjara hans. Með föstu launuðu starfi er átt við að forseti sé einnig í ráðningarsambandi við SÍ og að starfshlutfallið sé að lágmarki 20%. Sé forseti SÍ einnig

starfsmaður sambandsins er stjórn óskylt að ráða framkvæmdastjóra. Forseti tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu stjórnar um hvort hann verði í föstu launuðu starfi.
Sé forseti annaðhvort ekki í föstu starfi fyrir sambandið eða í minna en 20% starfshlutfalli er stjórn skylt að ráða framkvæmdastjóra.
Forseti eða framkvæmdastjóri fer með prókúru en allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu SÍ skulu samþykktar af meirihluta stjórnar.
Stjórn setur launuðum starfsmönnum sambandsins starfslýsingu, þ.m.t. forseta og framkvæmdastjóra.

12. grein. Verkaskipting stjórnar

Stjórn SÍ skiptir með sér starfsheitum og verkefnum.
Forseti boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Í forföllum forseta gegnir varaforseti störfum hans. Stjórnarfundir skulu haldnir eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundi skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.
Stjórnarfundur er lögmætur ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sitja hann. Verði ágreiningur á stjórnarfundum skal bera afgreiðslu málsins undir atkvæði. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði forseta úrslitum.

13. grein. Kjaranefnd

Kjaranefnd SÍ er skipuð þremur mönnum og einum til vara og er kosin á aðalfundi SÍ til tveggja ára.
Sé forseti SÍ í föstu launuðu starfi við sambandið skal nefndin leggja til laun hans, viðmiðun launabreytinga og starfstengd kjör og ganga frá launasamningi við hann að fenginni staðfestingu stjórnar SÍ á tillögu nefndarinnar. Að breyttu breytanda getur stjórn SÍ leitað til kjaranefndar vegna starfskjara annarra starfsmanna, enda sé þá forseti ekki í föstu launuðu starfi við sambandið.
Kjaranefnd skal halda fundargerðir um fundi sína og leggja fyrir stjórn SÍ. Ákvarðanir nefndarinnar skulu bókaðar og rökstuddar.
Um hæfi þeirra sem kosnir eru í kjaranefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem kosnir eru í kjaranefnd skulu ekki sitja í stjórn SÍ eða varastjórn.

14. grein. Fastanefndir SÍ

Stjórn SÍ skal að loknum aðalfundi skipa eftirfarandi fastanefndir:

- ***a.*** *Mótanefnd, b. Fjárhagsnefnd, c. Landsliðsnefnd, d. Kvennaskáknefnd, e. Æskulýðsnefnd, f. Skákdómaranefnd, g. Skákþjálfaranefnd.*

Nefndir starfa samkvæmt viðeigandi reglum SÍ og hafa ekki sérstakan fjárhag. Stjórn getur sett nefndum erindisbréf þar sem verkefni þeirra eru afmörkuð nánar.
Á aðalfundi er hægt að skipa sérstakar tímabundnar nefndir sem starfa á milli aðalfunda til að fjalla um málefni sem nánar eru ákvörðuð af aðalfundi.
Stjórn SÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

IV. kafli Dómstóll SÍ

15. grein. Dómstóll SÍ

Dómstóll SÍ skal skipaður formanni og tveimur meðdómendum. Skulu þeir, ásamt þremur varadómendum, vera kjörnir á aðalfundi SÍ til eins árs, sbr. 8. gr. Þeir sem kjörnir eru í dómstólinn skulu hvorki vera aðal- né varamenn í stjórn SÍ. Að lágmarki skulu tveir af þeim sex sem kjörnir eru dómarar og varadómarar vera löglærðir.
Dómstóll SÍ skal í hverju máli skipaður þremur dómendum og skal að minnsta kosti einn þeirra vera löglærður. Dómari skal gæta að hæfi sínu og meðdómsmanna til að fara með mál og gera það í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur um hæfi dómara.

Dómstóllinn skal hafa endanlegt úrskurðarvald um ágreiningsmál sem koma upp innan vébanda SÍ og varða lög og reglur sambandsins. Dómstóllinn skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum SÍ, auk laga og reglna Alþjóða skáksambandsins (FIDE) eftir því sem við á. Aga- og úrskurðarmál innan SÍ skulu rekin fyrir dómstólnum nema þau séu sérstaklega falin öðrum samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins.
Skákmenn, taflfélög og aðrir aðilar innan skákhreyfingarinnar geta átt aðild að málum fyrir dómstólnum, til sóknar eða varnar, að því tilskildu að þeir hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn þeirra og um sé að ræða málefni sem heyrir undir dómstólinn. Í því felst að málsaðili þarf að hafa sérstök tengsl við ágreiningsefnið, umfram aðra, og ágreiningsefnið að snerta lög eða reglur SÍ. Dómstóllinn metur hvort mál sem lagt er fyrir hann heyri undir lögsögu hans og hvort skilyrði málsaðildar séu uppfyllt. Við mat á því hvort skilyrðið um lögvarða hagsmuni sé uppfyllt skal dómstóllinn hafa hliðsjón af reglum stjórnsýsluréttar þar að lútandi.
Dómstóll SÍ getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum þessum, skáklögum SÍ og öðrum reglum sem falla undir valdsvið dómstólsins. Brot á lögum og reglum SÍ getur varðað áminningu, keppnisbanni eða banni við annarri aðkomu að skákviðburðum, sem gildir ýmist á einstökum mótum eða í tiltekinn tíma. Stjórn SÍ skal setja reglugerð um agamál, þar sem nánar er kveðið á um hvaða háttsemi getur varðað viðurlögum.
Stjórn SÍ skal í samráði við dómstólinn setja reglugerð um störf og valdsvið dómstólsins.

V. kafli Lokaákvæði

16. grein. Breytingar á lögum þessum

Breytingar á lögum og skáklögum sambandsins verða einungis gerðar á aðalfundi. Allar lagabreytingartillögur verða að vera fluttar af stjórn SÍ, aðildarfélögum SÍ eða fulltrúum þeirra á aðalfundi. Til að tillaga verði tekin fyrir þarf tillöguflytjandi eða fulltrúi hans að vera viðstaddur á aðalfundi og mæla sjálfur fyrir henni.
Til að breytingar á lögum öðlist gildi þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða, en til breytinga á skáklögum nægir einfaldur meirihluti.
Allar tillögur hér að lútandi ber að senda stjórn SÍ eigi síðar en 20 dögum fyrir aðalfund og skulu þær gerðar aðgengilegar á heimasíðu sambandsins eigi síðar en á sama tíma og ársreikningar sambandsins, sbr. 7. gr.

17. grein. Gildistaka og bráðabirgðaákvæði

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög SÍ.

Bráðabirgðaákvæði:

Nú hefur forseti verið kjörinn á aðalfundi í fyrsta skipti á grundvelli þessara laga og sá sem kjörinn var hefur í senn gegnt forsetaembættinu fyrir kosningarnar og föstu launuðu starfi við sambandið. Þá skulu eftirfarandi reglur gilda um stöðu þessa forseta:
Forsetanum er heimilt í samræmi við 4. mgr. 10. gr. að gegna embættinu í samfellt sex tveggja ára kjörtímabil frá því tímamarki þegar hann var fyrst kjörinn á grundvelli þessara laga.
Við ákvörðun launakjara forsetans á hans fyrsta tveggja ára kjörtímabili skal miða við að þau verði að öllu leyti sambærileg við þau kjör sem hann hafði fyrir kosninguna. Kjaranefnd útfærir ráðningarskilmálana nánar, sbr. 13. gr.

Ný lög og greinargerð

SKÁKLÖG SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

I. kafli Gildissvið

1. grein. Gildissvið

Skáklög þessi gilda um skákmót á vegum Skáksambands Íslands (SÍ) og aðildarfélaga þess og önnur verkefni SÍ eftir því sem nánar greinir í skáklögunum.

II. kafli Skákreglur og skákstjórn

2. grein. Skákreglur

Skákreglur Alþjóða skáksambandsins (FIDE) gilda í sérhverri skákkeppni á vegum SÍ og aðildarfélaga innan þess ef reikna á mótið til alþjóðlegra skákstiga.

3. grein. Skákstjórn og úrlausn ágreiningsmála

Fyrir hverja skákkeppni sem SÍ eða aðildarfélög þess sjá um framkvæmd á skal skipaður skákstjóri sem annast stjórn keppninnar og úrskurðar um deiluatriði. Úrskurður skákstjóra er endanlegur, nema um sé að ræða ágreiningsefni sem skjóta má til dómstóls SÍ samkvæmt lögum og reglum SÍ. Enn fremur getur mótshaldari ákveðið að hafa áfrýjunarnefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða ákvarðanir skákstjóra en þá skal getið um það í mótsreglum. Dómstóll SÍ hefur úrskurðarvald vegna ágreinings um framkvæmd skáklaga þessara.

III. kafli Skákmót á vegum SÍ

4. grein. Almenn ákvæði um skákmót á vegum SÍ

a. Skákmót sem SÍ heldur

SÍ skal árlega standa fyrir eftirtöldum mótum:

1. Skákþing Íslands. Keppni á Skákþingi Íslands skiptist í landsliðsflokk, áskorendaflokk, Íslandsmót kvenna (landsliðsflokk kvenna), barna- og ungmennaflokka og Íslandsmót öldunga.
2. Hraðskákmót Íslands.
3. Atskákmót Íslands.
4. Íslandsmót skákfélaga

b. Tímamörk

Stjórn SÍ ákveður tímamörk (umhugsunartíma) á skákmótum á vegum sambandsins í samræmi við reglur FIDE. Tímamörk skulu auglýst um leið og dagsetningar móta og fyrirkomulag þeirra að öðru leyti.

c. Úrlausn um röð keppenda

Stjórn SÍ ákveður hvernig skorið skuli úr um sigurvegara á mótum á vegum sambandsins ef tveir eða fleiri keppendur verða efstir og jafnir og kynnir reglur þar að lútandi með góðum fyrirvara fyrir mót, sbr. þó sérstakar reglur um Íslandsmót skákfélaga í 12. gr. Hið sama gildir um úrlausn um önnur sæti sem veita mikilvæg réttindi, svo sem sæti í landsliðsflokki.

d. Tímasetning móta og skörun milli flokka

Þegar keppni í einstökum flokkum á Skákþingi Íslands er tímasett skal þess gætt að flokkar sem sami keppandi á þátttökurétt í rekist ekki á. Keppni í kvennaflokki skal því ekki fara fram á sama tíma og keppni í áskorendaflokki og ekki heldur á sama tíma og keppni í landsliðsflokki ef konur eiga keppnisrétt þar. Þá skal Ungmennameistaramót Íslands að jafnaði fara fram síðar en keppni í yngri aldursflokkum ár hvert, enda ávinna sigurvegarar þeirra sér keppnisrétt á ungmennameistaramótinu skv. 8. gr. Heimilt er að víkja frá þessu ef mismunandi aldursflokkar tefla í sama móti, sbr. 5. mgr. 8. gr.

e. Þátttökuréttur og Íslandsmeistaratign

Þátttökuréttur á mótum á vegum SÍ er almennt ekki skilyrtur við íslenskan ríkisborgararétt. Þó getur sá einn hlotið Íslandsmeistaratign sem hefur heimild til að vera fulltrúi Íslands á

alþjóðlegum mótum. Um þátttökurétt erlendra ríkisborgara í Íslandsmóti skákfélaga fer eftir ákvæðum 12. gr. Leiki vafi á um rétt keppenda til þátttöku í einstökum mótum eða flokkum sker stjórn SÍ úr, sbr. þó 12. gr. um úrlausn um keppnisrétt á Íslandsmóti skákfélaga. Skjóta má ákvörðunum stjórnarinnar þar að lútandi til dómstóls SÍ. Eftir því sem mögulegt er skulu stjórn SÍ og dómstóll SÍ leitast við að tryggja að niðurstöður um álitaefni af þessu tagi liggi fyrir áður en mót hefjast.

f. Þátttökugjöld og verðlaun

Stjórn SÍ ákveður hverju sinni þátttökugjöld og verðlaun á mótum á vegum sambandsins.

5. grein. Landsliðsflokkur Skákþings Íslands

Eftirtaldir keppendur hafa þátttökurétt í landsliðsflokki:

1. Þrír efstu menn í landsliðsflokki á síðasta Skákþingi Íslands og til vara sá sem þar hafnaði í fjórða sæti.
2. Tveir efstu menn í áskorendaflokki á síðasta Skákþingi Íslands.
3. Þrír stigahæstu menn landsins, miðað við virk skákstig, aðrir en þeir sem falla undir lið 1 eða 2, og til vara þeir tveir sem næstir þeim eru að stigum.
4. Ungmennameistari Íslands.
5. Aðrir keppendur valdir af stjórn SÍ.

Stjórn SÍ skal a.m.k. tveimur mánuðum áður en keppni í landsliðsflokki hefst tilkynna hversu margir keppendur verða og hvar keppnin verður haldin. Jafnframt skal tilkynna hverjir hafi rétt til þátttöku samkvæmt tölulíðum 1–3 og gefa þeim tveggja vikna frest til að ákveða hvort þeir tefli. Mánuði áður en keppnin hefst skal stjórnin hafa valið þá sem hún býður til þátttöku. Ef mjög sérstakar aðstæður krefjast er stjórn SÍ heimilt að víkja frá umræddum tímafrestum.
Við val á keppendum samkvæmt 5. tölulið hér að framan skal stjórn SÍ hafa til hliðsjónar alþjóðleg skákstig og árangur skákmanna á nýafstöðnum mótum, enda hafi þeir teflt eigi færri en 30 kappskákir á undanförnum 24 mánuðum. Stjórn SÍ hefur heimild til að falla frá þessum mörkum við mjög sérstakar aðstæður.
Þrátt fyrir framangreint er stjórn SÍ heimilt að sameina keppni í landsliðsflokki og áskorendaflokki í eitt mót. Sigurvegari í landsliðsflokki Skákþings Íslands hlýtur nafnbótina skákmeistari Íslands.

6. grein. Áskorendaflokkur Skákþings Íslands

Áskorendaflokkur skal opinn öllum sem ekki hafa unnið sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki. Að jafnaði skulu tefldar níu umferðir eftir svissnesku kerfi en ef þátttakendur eru færri en 20 má fækka umferðum. Stjórn SÍ skal með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara tilkynna hvar og hvenær flokkurinn fari fram. Ef mjög sérstakar aðstæður krefjast er stjórn SÍ heimilt að víkja frá umræddum tímafresti.
Tveir efstu keppendur áskorendaflokks vinna sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki árið eftir, sbr. einnig 5. gr.

7. grein. Íslandsmót kvenna (landsliðsflokkur kvenna)

Stjórn SÍ skal árlega ákveða fjölda keppenda og keppnisfyrirkomulag á Íslandsmóti kvenna. Síðasti Íslandsmeistari skal ávallt eiga rétt á þátttöku.
Sigurvegari í kvennaflokki hlýtur nafnbótina Íslandsmeistari kvenna.

8. grein. Ungmenna- og barnaflokkar

Aldursflokkaskipting barna- og ungmennaflokka er eftirfarandi:

1. *8 ára og yngri*
2. *9–10 ára*
3. *11–12 ára*
4. *13–14 ára*
5. *15–16 ára*
6. *17–22 ára (Ungmennameistaramót Íslands)*

Aldur keppenda miðast við almanaksárið.
Sigurvegari hvers aldursflokks er krýndur Íslandsmeistari í flokknum. Auk þess er efsta stúlkan í hverjum aldursflokki krýnd Íslandsmeistari stúlkna og efsti drengurinn Íslandsmeistari drengja í aldursflokknum. Sigurvegari í flokki 17–22 ára er krýndur ungmennameistari Íslands.
Ungmennameistari Íslands á rétt til þátttöku í landsliðsflokki árið eftir, sbr. einnig 5. gr.
Íslandsmeistarar í flokkum 11–12 ára, 13–14 ára og 15–16 ára fá þátttökurétt í elsta flokknum, þ.e. Ungmennameistaramóti Íslands. Að öðru leyti hafa keppendur einungis þátttökurétt í þeim flokkum sem þeir falla í vegna aldurs þeirra.
Stjórn SÍ getur við sérstakar aðstæður látið mismunandi aldursflokka tefla í sama móti. Íslandsmeistarar skulu þó alltaf krýndir fyrir hvern flokk.

9. grein. Íslandsmót öldunga

Stjórn SÍ ákveður tímasetningu og fyrirkomulag hverju sinni og sér um framkvæmd mótsins.
Sigurvegari hlýtur nafnbótina Íslandsmeistari öldunga.

10. grein. Hraðskákmót Íslands

Stjórn SÍ ákveður tímasetningu og fyrirkomulag hverju sinni og sér um framkvæmd mótsins.
Sigurvegari hlýtur nafnbótina hraðskákmeistari Íslands.

11. grein. Atskákmót Íslands

Stjórn SÍ ákveður tímasetningu og fyrirkomulag hverju sinni og sér um framkvæmd mótsins.
Sigurvegari hlýtur nafnbótina atskákmeistari Íslands.

12. grein. Íslandsmót skákfélaga

a. Almennt um Íslandsmót skákfélaga og þátttöku liða á mótinu

Stjórn SÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti skákfélaga. Keppnin er sveitakeppni og eiga öll skuldlaus taflfélög eða svæðasambönd innan SÍ þátttökurétt. Þá er félögum heimilt að sameinast um eina eða fleiri sveitir. Tilkynning um þátttöku sveita á mótinu skal berast stjórn SÍ í síðasta lagi 20 dögum fyrir upphaf mótsins. Stjórn SÍ skal ákveða keppnisdaga og þátttökugjöld fyrir 1. september ár hvert.
Lögð var fram breytingartillaga við 12. Grein a) frá Oddgeiri Á. Ottesen: „Í lok a) liðar 12. greinar komi: Íslandsmót skákfélaga skal haldið í tveimur hlutum. Almennt skal fyrri hlutinn fara fram á síðasta ársfjórðungi almanaksársins en síðari hlutinn á fyrsta eða örðum hluta næsta almanaksárs.“
Nokkrir fundarmenn kvöddu sér hljóðs til að ræða þessa breytingartillögu. Þeir Kristján Örn Elíasson, Stefán Steingrímur Bergsson, Helgi Áss Grétarsson og Auðbergur Magnússon vildu að tillaga laganefndar stæði óbreytt. Auk flutningsmanns studdu breytingartillöguna þeir Helgi Árnason, Ingimundur Sigurmundsson og Jóhann Ragnarsson.

*Breytingartillagan var síðan borin upp til atkvæða og felld með **17** atkvæðum gegn **16.***

b. **Skipting í deildir og fjöldi borða**

Keppninni skal skipt í fimm deildir, þ.e. úrvalsdeild og 1.–4. deild. Sex sveitir skulu vera í úrvalsdeild en átta sveitir í 1.–3. deild. Stjórn SÍ hefur þó rétt til að fjölga sveitum í 3. deild þyki henni ástæða til. Fjöldi sveita í 4. deild er ótakmarkaður nema stjórn SÍ telji af sérstökum ástæðum þörf á að takmarka fjölda þeirra. Teflt skal á átta borðum í úrvalsdeild en á sex borðum í öðrum deildum. Tefld er tvöföld umferð í úrvalsdeild en einföld umferð í öðrum deildum. Stjórn SÍ getur ákveðið annað keppnisfyrirkomulag í 3. og 4. deild ef það þykir henta betur miðað við fjölda þátttökusveita.
[Sérákvæði vegna stofnunar úrvalsdeildar:
Keppnisárið 2021–2022 skulu deildirnar skipaðar á eftirfarandi hátt miðað við keppnisárið 2019–2021:

1. Úrvalsdeild: Sex efstu sveitir 1. deildar

2. 1. deild: Sveitirnar úr 7.–10. sæti í 1. deild og í 1.–4. sæti í 2. deild
3. 2. deild: Sveitirnar úr 5.–8. sæti úr 2. deild og 1.–4. sæti úr 3. deild
4. 3. deild: Sveitirnar úr 5.–9. sæti úr 3. deild og þrjár efstu sveitirnar úr 4. deild
5. 4. deild: Aðrar sveitir
Sérákvæði þessi falla út úr lögunum eftir að keppni hefst á grundvelli þess fyrirkomulags sem þar er lýst.]

c. Liðsstig og röðun sveita. Íslandsmeistari skákfélaga

Tvö liðsstig fást fyrir sigur í viðureign sveita og eitt fyrir jafntefli. Samanlagður fjöldi liðsstiga skal ráða úrslitum um endanlega röð sveita í öllum deildum. Verði liðsstig jöfn skal samanlagður fjöldi vinninga ráða.
Efsta sveit í úrvalsdeild er sigurvegari keppninnar. Félagið sem stendur að þeirri sveit hlýtur sæmdarheitið Íslandsmeistari skákfélaga.

d. Færsla sveita milli deilda

Efsta sveit 1. deildar og tvær efstu sveitir 2.–4. deildar færast upp um deild í lok keppnistímabils en neðsta sveit úrvalsdeildar og tvær neðstu sveitir 1.–3. deildar færast niður. Sveit sem hefur áunnið sér rétt til að fara upp í efri deild getur þó afþakkað það. Jafnframt getur sveit óskað eftir því að vera færð niður um deild þó að hún hafi unnið sér inn rétt til áframhaldandi veru í þeirri deild sem hún á sæti í. Í reglugerð um Íslandsmót skákfélaga skal kveðið á um hvaða sveitum skuli boðið sæti þeirra sem kjósa að flytjast niður um deild eða að fara ekki upp um deild.

e. Keppendaskrá SÍ, keppnisréttur og ágreiningur um lögmæti keppenda

SÍ heldur keppendaskrá vegna Íslandsmóts skákfélaga. Sérstök reglugerð lýsir keppendaskránni og reglum um skráningu í hana.
Keppendur skulu vera skráðir í keppendaskrá SÍ sem félagsmenn þeirra taflfélaga sem þeir tefla fyrir. Aðeins þeir sem eru í keppendaskrá SÍ teljast löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti skákfélaga. Þó eru þeir skákmenn sem eru án alþjóðlegra kappskákstiga og ekki skráðir í taflfélag undanþegnir því að þurfa að vera í keppendaskránni.
Vilji skákmaður skipta um félag og tefla fyrir hönd hins nýja félags í Íslandsmóti skákfélaga skal hann senda tilkynningu um það til stjórnar SÍ að lágmarki 20 dögum fyrir upphaf mótsins. Ella getur hann ekki teflt fyrir sitt nýja félag þar.
Athugasemdir vegna keppendaskrárinnar skulu hafa borist stjórn SÍ viku fyrir mót og stjórnin úrskurða um þær í síðasta lagi fimm dögum fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga.
Ef mótinu er skipt í fleiri en einn hluta er skákmönnum með lögheimili á Íslandi og íslenskum ríkisborgurum sem eru búsettir erlendis heimilt að ganga í taflfélag þar á milli og tefla fyrir hönd þess á síðari stigum mótsins, að því gefnu að þeir hafi ekki teflt fyrir annað taflfélag á fyrri stigum þess. Til að skákmenn teljist löglegir með hinu nýja félagi skulu slíkar breytingar vera tilkynntar 20 dögum fyrir síðari hlutann.
Í hverri viðureign má að hámarki helmingur liðsmanna hverrar sveitar vera erlendir ríkisborgarar. Erlendir ríkisborgarar sem hafa átt lögheimili á Íslandi síðustu tólf mánuði fyrir keppni skulu þó njóta sama réttar og íslenskir ríkisborgarar að þessu leyti.

f. Styrkleikaröðun

Raða skal keppendum í sveitir og borð eftir styrkleika. Fyrir upphaf 1. umferðar Íslandsmóts skákfélaga skulu félögin skila inn styrkleikaröðuðum lista allra þeirra keppenda sem þau hyggjast senda til keppni. Ekki er leyfilegt að breyta þeirri röð eftir að keppni hefst. Keppandi getur flust upp eða niður um sveit hvenær sem er keppninnar en heildarröð keppenda skal haldast óbreytt.

g. Úrlausn ágreiningsmála um lögmæti keppenda o.fl.

Stjórn SÍ skal árlega skipa sérstaka mótsstjórn sem sker úr um lögmæti keppenda ef beiðni um athugun á því berst henni eða kæra þar að lútandi. Slík beiðni eða kæra skal berast mótsstjórn, eða skákstjórum fyrir hennar hönd, innan 48 klukkustunda eftir lok þeirrar umferðar sem viðkomandi keppandi tefldi í.
Mótsstjórn skal kynna framkomna kæru eða beiðni því félagi sem tefldi fram keppandanum og gefa félaginu stuttan frest til að koma fram andmælum. Úrskurður skal liggja fyrir innan 48 tíma frá því beiðni eða kæra barst.
Úrskurðir mótsstjórnar skulu rökstuddir og afrit þeirra afhent báðum málsaðilum innan klukkustundar eftir að þeir eru kveðnir upp. Ef keppandi er úrskurðaður ólöglegur skal viðkomandi viðureign tapast 2–6 hið minnsta þegar um er að ræða 8 manna lið en 1,5–4,5 þegar um er að ræða 6 manna lið. Tapist viðureignin enn stærra standa þau úrslit og skal skák ólöglegs keppenda ávallt teljast töpuð. Úrskurði mótsstjórnar má skjóta til dómstóls SÍ og skulu slík erindi hafa verið send dómstólnum innan þriggja sólarhringa frá því að úrskurður mótsstjórnar féll. Dómur dómstóls SÍ skal liggja fyrir eigi síðar en fimm sólarhringum eftir að erindið berst honum.
Skákstjóri úrskurðar um önnur vafaatriði en þau sem hér voru tilgreind.

h. Afleiðingar forfalla liða

Komi lið ekki til keppni án ásættanlegra orsaka að mati skákstjóra tapar það skákum á öllum borðum. Komi slíkt fyrir tvisvar skal liðið dæmt úr keppninni.

i. Reglugerð um Íslandsmót skákfélaga

Stjórn SÍ setur reglugerð um nánari framkvæmd Íslandsmóts skákfélaga.

IV. kafli Skákstig, málefni landsliða o.fl.

13. grein. Skákstig

Stjórn SÍ sér til þess að upplýsingum um árangur keppenda á mótum á vegum sambandsins og aðildarfélaga þess sem reikna skal til alþjóðlegra skákstiga sé komið mánaðarlega til FIDE til útreiknings. Þetta gildir um kappskákmót sem reikna skal til alþjóðlegra kappskákstiga, atskákmót sem reikna skal til alþjóðlegra atskákstiga og hraðskákmót sem reikna skal til alþjóðlegra hraðskákstiga. Stjórn SÍ getur sett reglur um hvaða skilyrði skákmót þurfa að uppfylla til að vera tekin til útreiknings, enda samræmist þær reglum FIDE.

14. grein. Málefni landsliða og afreksfólks

Stjórn SÍ skal skipa landsliðseinvald bæði í opnum flokki og í kvennaflokki.
Landsliðseinvaldarnir skulu annast val á landsliði Íslands í skák hverju sinni.
Skákmeistari Íslands skal ávallt eiga sæti í landsliði Íslands í opnum flokki og Íslandsmeistari kvenna í kvennalandsliði Íslands. Skákmeistari Íslands skal hafa rétt til að tefla fyrir Íslands hönd í undankeppni heimsmeistaramóta (nú EM einstaklinga). Að öðru leyti hafa landsliðseinvaldar frjálsar hendur um val á keppendum og taka á því fulla ábyrgð í samræmi við gildandi keppnis- og agareglur SÍ. Stjórn SÍ skal veita landsliðseinvöldum viðeigandi stuðning í þeirra störfum.
Stjórn SÍ skal tryggja að skákmenn sem tefla fyrir Íslands hönd í einstaklings- eða liðakeppni og eru sendir á slík mót á vegum sambandsins fái viðeigandi þjálfun hjá færum þjálfara eða þjálfurum. Yfirumsjón og skipulagning þessarar þjálfunar er í höndum landsliðseinvalda.

15. grein. Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra eru eldri skáklög sambandsins úr gildi fallin.

Ný skáklög SÍ og greinargerð

10. Kosning stjórnar og varastjórnar
Stefán Bergsson stakk upp á **Gunnari Björnssyni** sem forseta Skáksambands Íslands til næstu tveggja ára og var hann kjörinn með lófataki. Gunnar Björnsson, nýkjörinn forseti, þakkaði traustið og bar upp tillögu að stjórn SÍ fyrir starfsárið 2021–2022. Hann gerði síðan tillögu um nýja aðalstjórn**: Agnar T. Möller, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Kristófer Gautason, Stefán Steingrímur Bergsson, Þorsteinn Magnússon og Þorsteinn Stefánsson**. Tillaga um varastjórn: 1. **Auðbergur Magnússon**, 2. **Lisseth Acevedo Mendez**, 3. **Andri Freyr Björgvinsson**, 4. **Tinna Kristín Finnbogadóttir**. Báðar tillögurnar voru samþykktar með lófaklappi.

11. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
Forseti bar upp tillögu um að endurskoðendur yrðu **Hlíðar Þór Hreinsson** og **Þráinn Vigfússon** og síðan **Ingimundur Sigurmundsson** til vara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. Kosnir 3 menn í kjörbréfanefnd og 3 til vara
til að athuga kjörbréf fyrir næsta aðalfund. Forseti bar upp tillögu um **Kristján Örn Elíasson, Kjartan Maack** og **Harald Baldursson**. Og til vara **Magnús Matthíasson, Ríkharð Sveinsson** og **Róbert Lagerman**. Tillagan var samþykkt samhljóða.

13. Kosnir 3 menn í dómstól SÍ og 3 til vara
Forseti bar upp tillögu um um að dómstóll SÍ yrði skipaður þeim **Halldóri B. Halldórssyni formanni, Braga Halldórssyni** og **Ólafi Evert Úlfssyni** sem aðalmönnum en til vara **Björgvini Jónssyni, Hlíðari Þór Hreinssyni** og **Tómasi Veigari Sigurðssyni**. Tillagan var samþykkt samhljóða.

14. Kosnir 3 menn í kjaranefnd og einn til vara
Jóhanna Björg Jóhannsdóttir bar upp tillögu um þá **Pál Þórhallsson, Jón Eggert Hallsson** og **Helga Árnason** sem aðalmenn og **Magnús Pálma Örnólfsson** til vara. Tillagan var samþykkt samhljóða

15. Önnur mál
Bragi Halldórsson og Jón Torfason leggja til að Skáksamband Íslands gangist fyrir að endurvekja Tímaritið Skák og ráði launaðan ritstjóra sem hefði sér til aðstoðar fimm manna ritnefnd. Stefnt yrði að því að fyrsta tölublaðið komi út í janúar 2022. Bragi lagði tillöguna fram skriflega fyrir aðalfundinn og meðfylgjandi ýtarlega greinargerð. Í greinargerðinni var sett upp hugmynd að kostnaðaráætlun, hugmynd um stærð og efnistök.
Gunnar Björnsson forseti tók vel í tillöguna með þeim fyrirvara að einhver væri tilbúinn að taka að sér ritstjórn. Það gerði líka Kristján Örn Elíasson. Gauti Páll Jónsson minnti á nauðsyn þess að varðveita rafræna vefinn www.skak.is. Tillaga þeirra Braga og Jóns um að endurvekja Tímaritið Skák var borin upp til atkvæða og samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur.
Erlingur Þorsteinsson minnti fundinn á að á næsta ári væru liðin 50 ár frá „Einvígi aldarinnar“, heimsviðburði sem fram fór í Laugardalshöll sumarið 1972. Hann spurði hvernig yrði staðið að því hér á landi að minnast afmælisins á næsta ári. Forseti svaraði því til að ekki væri á þessari stundu búið að taka ákvörðun eða ákvarðanir um hvernig þessa viðburðar yrði minnst 2022.
Forseti afhenti í lok fundarins Herði Jónassyni og Hjálmari Sigurvaldasyni gullmerki SÍ fyrir þeirra störf í þágu fólks með geðraskanir. Jafnframt var tilkynnt að Sævar Bjarnason fengi einnig gullmerki sem afhent yrði síðar, þar sem Sævar átti ekki heimangengt á fundinn.

Forseti sleit loks aðalfundi og þakkaði gestum fyrir málefnalegan fund og bauð fundargestum upp á hádegismat á Salatbarnum í boði Skáksambandsins.
Fundi slitið kl. 13:05
Helgi Árnason fundarritari
Fundargerðina má finna hér.

Skipan stjórnar og starfsnefnda

Forseti:	Gunnar Björnsson
Varaforseti:	Jóhanna Björg Jóhannsdóttir
Gjaldkeri:	Þorsteinn Stefánsson
Ritari:	Þorsteinn Magnússon
Æskulýðsfulltrúi:	Stefán Bergsson
Meðstjórnandi:	Agnar Tómas Möller
Meðstjórnandi:	Kristófer Gautason

Varamenn í stjórn:

1. Auðbergur Magnússon
2. Lisseth Acevedo Mendez
3. Andri Freyr Björgvinsson
4. Tinna Kristín Finnbogadóttir

Helstu nefndir Skáksambands Íslands á starfsárinu og formenn

Skákdómaranefnd: Kristján Örn Elíasson, formaður

Skákþjálfaranefnd: Omar Salama, formaður

Æskulýðsnefnd: Stefán Bergsson, formaður

Fjárhagsnefnd: Þorsteinn Stefánsson, formaður

Landsliðsnefnd: Hlíðar Þór Hreinsson, formaður

Skákmótanefnd: Gunnar Björnsson, formaður

Kvennaskáknefnd: Jóhanna Björg Jóhannsdóttir

Laganefnd: Þorsteinn Magnússon

Stjórnarfundir

Stjórnin hélt alls 16 fundi á starfsárinu, að jafnaði einu sinni í mánuði en stundum var bætt við. Að venju unnu stjórnarmenn að margs konar öðrum verkefnum vegna mótahalds og fleiri verkefna.
Fundargerðir starfsársins má finna á heimasíðu SÍ

Starfsmaður og skrifstofa

Gunnar Björnsson hefur verið eini starfsmaður SÍ síðan 1. febrúar 2019.

Skýrsla skólastjóra Skákskóla Íslands

Í skólanefnd sitja nú Jóhanna Björg Jóhannsdóttir og Hrund Hauksdóttir. Skólastjóri er Helgi Ólafsson.
Kennarar við skólann hafa verið Hjörvar Steinn Grétarsson, Bragi Þorfinnsson, Hannes Hlífar Stefánsson, Lenka Ptácníková, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Vignir Vatnar Stefánsson, Hrund Hauksdóttir og Arnar Milutin Heiðarsson.

Meistaramót Skákskóla Íslands 2021

Benedikt Briem varð einn efstur á Meistaramóti Skákskóla Íslands fyrir keppendur undir 2.000 Elo-stigum sem fram fór dagana 28.–30. maí. Benedikt hlaut 8 vinninga af 9 mögulegum. Ingvar Wu varð einn í 2. sæti með 7 vinninga og í 3.–4. sæti komu Matthías Björgvin Kjartansson og Gunnar Erik Guðmundsson með 6½ v.
Sérstök stúlknaverðlaun komu í hlut **Iðunnar Helgadóttur,** sem hlaut 5 vinninga**.** Í verðlaunaflokki keppenda með 1.200 Elo-stig eða minna varð **Birkir Hallmundarson** hlutskarpastur, en hann hlaut 4½ vinning. Í 2. sæti varð **Jóhann Helgi Hreinsson** sem hlaut 4 vinninga. Í 3.–4. sæti urðu **Örvar Hólm Brynjarsson** og **Kormákur Ólafur Kjartansson.**
Skákstjórar voru Páll Sigurðsson, Helgi Ólafsson og Lenka Ptácníková.

Fjölteflaröð

Skákskólinn hafði forgöngu um röð klukkufjöltefla fyrir unga og efnilega skákmenn í júní 2021. Tóku nokkrir af bestu skákmönnum þjóðarinnar að sér fjöltefli við þátttakendur, sem voru mest 15 talsins í hverju fjöltefli. Tímamörk voru 90 30.

Haust- og vetrarönn 2021 og 2022

Almennir flokkar Skákskólans hafa starfað í húsakynnum skólans í Faxafeni og einnig hafa kennarar við skólann starfað reglulega í Stúkunni á Kópavogsvelli. Vignir Vatnar Stefánsson, Hrund Hauksdóttir, Arnar Milutin og Helgi Ólafsson sáu um kennslu fyrir yngstu nemendur Skákskólans. Úrvalsflokkar skólans voru í umsjón Helga Ólafssonar.

Skákkennslu fyrir stúlkur – samstarf við Skákdeild Fjölnis

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir hefur haft yfirumsjón með skákkennslu fyrir stúlkur í Stúkunni á vegum Skákskóla Íslands síðastliðið haust og á vetrarönn. Þetta er ört vaxandi hópur. Þá hefur Helgi Ólafsson einnig séð um skákþjálfun fyrir margar af stigahæstu stúlkum í Skákskólanum á þriðjudögum og einnig kennslu á haustönn og vetrarönn fyrir stúlkur í Skákdeild Fjölnis. Þetta hefur verið gert í góðu samstarfi við Helga Árnason, fyrrverandi skólastjóra Rimaskóla, og Þórönnu Rósu Ólafsdóttir, núverandi skólastjóra Rimaskóla, og er það samstarfsverkefni Skákskóla Íslands og skákdeildarinnar.

Meistaramót Skákskóla Íslands 2021 og Unglingameistaramót Íslands 2021

Þetta mót var með nýju sniði í ársbyrjun 2021 var þá til lykta leitt eftir að hafa verið frestað vegna Covid 19. Unglingameistaramótið hafði verið hálfgert olnbogabarn SÍ en Skákskólinn bauðst til að sameina það meistaramóti skólans ætluðu stigahærri keppendum. Reglugerð um Unglingameistaramótið gerir ráð fyrir að keppendur 22 ára og yngri geti tekið þátt.
Agnar Tómas Möller var sérstakur styrktaraðili mótsins. Í ljós kom að aðventa jóla bauð upp á hentugar dagsetningar og 17.–19. desember fór mótið fram. Mótið var vel skipað, en þátttakendur voru 25 talsins en stigahæstir voru þeir Vignir Vatnar Stefánsson og Hilmir

Freyr Heimisson. Allar skákir mótsins voru sýndar beint og naut mótsstjórnin tæknilegrar aðstoðar Ingvars Þ. Jóhannessonar.
Alexander Oliver Mai vann mótið og varð þar með Unglingameistari Íslands og meistari Skákskóla Íslands. Hann vann Birki Ísak Jóhannsson í lokaumferðinni og hlaut fimm v. af sex mögulegum og vann sér keppnisrétt í landsliðsflokki. Mótið var gríðarlega spennandi og skemmtilegt. Með sigrinum fékk Alexander Oliver keppnisrétt í landsliðsflokki Íslandsmótsins í skák sem fram fór vorið 2022. Efstu menn urðu: 1. Alexander Oliver Mai 5 v. 2.–3. Birkir Ísak Jóhannsson og Vignir Vatnar Stefánsson 4½ v. 4.–7. Björn Hólm Birkisson, Arnar Milutin Heiðarsson, Stephan Briem og Bárður Örn Birkisson 4 v.

Hraðskákmótaröð stúlkna 2022

Sú hugmynd að hefja mótaröð stúlkna fæddist í ársbyrjun 2022, en almanaksárið 2022 er helgað skákiðkun kvenna samkvæmt stefnuskrá FIDE. Er óhætt að segja að viðtökur hafi verið góðar. Fyrsta mótið fór fram hjá Siglingaklúbbnum Ými við Naustavör í Kópavogi 18. mars og voru keppendur 25 talsins. Annað mótið var haldið í Hörpunni 9. apríl og þriðja mótið í Vestmannaeyjum 7. maí en þá voru keppendur 27 talsins. Iðunn Helgadóttir vann mótin í Hörpunni og í Vestmannaeyjum en Freyja Birkisdóttir vann fyrsta mótið hjá Ými. Gefin eru stig fyrir hvert mót og hefur Iðunn örugga forystu eftir þrjú mót, en Freyja er í 2. sæti. Stefnt er að því að halda fimm mót á þessu ári.

Samstarf við Menntaskólann í Kópavogi

Haustið 2020 hófst samstarf Skákskólans við Menntaskólann í Kópavogi, sem hefur afrekssvið fyrir þá nemendur skólans sem leggja stund á keppnisgreinar ýmsar. Þetta er viðamikið prógramm sem gerir ráð fyrir ströngu aðhaldi, líkamsþjálfun, námsráðgjöf og tilhliðrun þegar keppni er fram undan. Birkir Ísak Jóhannsson valdi að ljúka stúdentsprófi á afrekssviði með skákina sem aðalgrein. Helgi Ólafsson hefur séð um kennslu/þjálfun en Birkir hefur mætt 2–3 sinnum í viku. Kennslan hefur að miklu leyti farið fram á netinu. Þetta verkefni hefur gengið vel og varla fallið niður tími. Birkir er skipulagður nemandi og akademískur og lýkur stúdentsprófi nú á vormánuðum.

Úrtakshópur 16–25 ára

Helgi Ólafsson, Guðmundur Kjartansson og Ingvar Þ. Jóhannesson, með Gauta Pál Jónsson sem sérstakan kontaktmann, hafa séð um úrtakshóp 16–25 ára og hefur hópurinn hist reglulega á miðvikudagskvöldum. Guðmundur Kjartansson tók við keflinu af Helga í ársbyrjun 2022 og hefur komið sterkur inn.

Einkatímar – þjálfun

Fjölmargir nemendur skólans njóta einkakennslu auk þess sem skólinn hefur tekið að sér þjálfun fyrir einstaka viðburði. Sem fyrr vill skólastjóri Skákskólans beina því til aðildarfélaga SÍ að skólinn er ávallt reiðubúinn til samstarfs á öllum sviðum skákkennslu og skákþjálfunar. Vegna Covid-19 hafa síðustu tvö árin verið kröfuhörð en nú birtir til að nýju.

Helgi Ólafsson, skólastjóri Skákskóla Íslands.

Ýmis starfsemi

Heimasíða SÍ

Á vegum SÍ eru tvær heimasíður: Skák.is, sem er fréttasíða, og heimasíða Skáksambands Íslands, þar sem helstu grundvallarupplýsingar um sambandið eru geymdar. Tómas Veigar Sigurðarson á mestan þátt í uppsetningu síðnanna.

Félagagrunnur SÍ

SÍ hefur endurbætt félagagrunn sinn sem mun taka við Keppendaskránni. Í félagagrunninum eru allar nýjustu upplýsingar um skákmenn og t.d. eru þar skákstig endurnýjuð mánaðarlega. Félögin geta tekið út sína félagsmenn og raðað þeim í stigaröð.

Fréttabréf SÍ

SÍ hefur síðan árið 2012 gefið út rafrænt fréttabréf, sem er sent út í tölvupósti til skákáhugamanna og birt á vefsíðu sambandsins. Fréttabréfið hefur komið óreglulega út undanfarið en hefur verið notað til þess að minna á stærstu viðburði.

Skákhlaðvarpið

Gunnar Björnsson og Ingvar Þór Jóhannesson hittast reglulega og fara yfir helstu viðburði.

Skákvarpið

Skákvarpið er fastur hluti af mótahaldi stærri móta og hefur orðið afskaplega vinsælt. Skákvarpið hefur verið í umsjón Ingvars Þór Jóhannessonar og Björns Ívars Karlssonar.

Landsliðsverkefni

Landslið Íslands í opnum flokki og kvennalandsliðið undirbjuggu sig á árinu fyrir Evrópumót landsliða sem fram fór í árslok. Liðið í opnum flokki hélt uppteknum hætti við æfingar á Zoom að mestu undir handleiðslu Farrukh Amonatov en Ingvar Þór Jóhannesson sá um æfingar kvennaliðsins, sem einnig fóru að mestu fram á Zoom.

Æfingahópur U25 er skipaður efnilegustu skákmönnum þjóðarinnar á aldrinum 16–25 ára. Guðmundur Kjartansson hefur að mestu tekið við keflinu og stýrt æfingum en Ingvar Þór Jóhannesson verið honum innan handar. Hópurinn hittist reglulega en einnig hafa einhverjar æfingar verið á netinu.

Ingvar Þór Jóhannesson

Skák í skóla

Vegna Covid var ekki hægt að heimsækja skóla af þeim krafti sem stefnt var að en þeim mun meira lagt upp með að nýta netið og setja efni á skakkennsla.is. Áherslan í þeim heimsóknum sem þó voru farnar var sem fyrr á að efla kennara í skólunum til að sinna skákkennslu og skipuleggja skákstarf. Farið var í heimsóknir í Grunnskóla Grundarfjarðar, Víkurskóla í Mýrdal og Stapaskóla í Reykjanesbæ. Enn var bætt við efni á skakkennsla.is. Efnið sem var bætt við var fyrst og fremst leiðbeiningar til kennara, svo sem um skipulagningu netmóta. Í tengslum við Skákdaginn var útbúið myndband um feril Friðriks Ólafssonar og sent til sýningar í grunnskólum.
Ekki tókst að halda Landsmótið í skólaskák 2021 í fyrsta skipti í sögunni. Landsmótið 2022 verður afar veglegt og haldið í sal Siglingaklúbbsins Ýmis í Kópavogi 28.–29 maí. Undanrásir fóru fram á netinu fimmtudaginn 19. maí. Dagana 11.–14. ágúst næstkomandi mun Skáksambandið standa fyrir skákkennaranámskeiði sem hentar í senn reyndum skákkennurum sem og almennum kennurum sem hafa hug á að kenna skák í sínum skóla. Á námskeiðinu verður m.a. lögð áhersla á ýmsa almenna þætti kennslu, svo sem bekkjarstjórnun, jákvæðan bekkjaranda, jafnrétti og virðingu. Námskeiðið verður sett upp þannig að hægt verði að sækja einstaka hluta þess.

Alþjóðlegir áfangar

Vignir Vatnar Stefánsson náði tveimur stórmeistaraáföngum á starfsárinu. Þeim fyrri náði hann á alþjóðlegu móti í Dublin í janúar 2022 og þeim síðari í Arandjelovac í Serbíu í febrúar 2022. Jafnframt náði Vignir 2.500 skákstigum og þarf því aðeins einn áfanga til viðbótar til að verða útnefndur stórmeistari.

Hilmir Freyr Heimisson náði þriðja og lokaáfanga að alþjóðlegum meistaratitli á móti í Arandjelovac í Serbíu í febrúar 2022. Hann var formlega útnefndur alþjóðlegur meistari í apríl 2022.

Skákdagurinn

Skákdagurinn bar keim af Covid-ástandinu. Haldin voru skákdagsmót á Chess.com fyrir börn og unglinga. Um kvöldið fór fram Skákdagsmót þar sem keppt var um sæti á RIG Open.

Innlend mót

Skákþing Íslands 2022 — landsliðsflokkur

Landsliðsflokkur Skákþings Íslands fór fram við glæsilegar aðstæður í Bankanum – vinnustofu á Selfossi dagana 21. apríl – 1. maí 2022.

Hjörvar Steinn Grétarsson tryggði sér sinn annan titil í röð og hafði tryggt sér sigur fyrir lokaumferðina. Hjörvar hlaut 7½ vinning af 9 mögulegum. Hannes Hlífar Stefánsson varð annar með 6 vinninga. Guðmundur Kjartansson, Héðinn Steingrímsson og Vignir Vatnar Stefánsson urðu í 3.–5. sæti með 5 vinninga.

Lokastaðan á Chess-Results.

Nánar á Skák.is

Íslandsmót kvenna 2021

Íslandsmót kvenna fór fram í húsnæði Skákskóla Íslands 26. maí – 4. júní 2021. Upphaflega átti mótið að fara fram í mars/apríl en fresta þurfti því vegna Covid.
Sjö skákkonur tóku þátt og svo fór að **Lenka Ptácníková** og **Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** komu jafnar með í mark með 5½ vinning af 6 mögulegum. Þær höfðu mikla yfirburði en **Lisseth Acevedo Mendez** varð þriðja með 3 vinninga.

Nánar um mótið á Skák.is

Jóhanna og Lenka tefldu úrslitaeinvígi um Íslandsmeistaratitilinn 24. júní 2021. Þar var teflt eftir sama fyrirkomulagi og á Heimsbikarmótinu. Lenka vann sigur í tveimur skákum 1½–½.

Nánar um úrslitaeinvígið á Skák.is.

Kristján Örn Elíasson var yfirdómari mótsins og sá jafnframt um beinar útsendingar. Ingvar Þór Jóhannesson var með reglulega umfjöllun á Youtube og var með Skákvarpið ásamt Birni Ívari Karlssyni í lokaumferð mótsins og úrslitaeinvíginu.

Skákþing Íslands 2021 – áskorendaflokkur



Áskorendaflokkur Skákþings Íslands fór fram 7.–14. ágúst 2021 í húsnæði Taflfélags Reykjavíkur. **Símon Þórhallsson** var í miklu stuði og vann öruggan sigur. Hlaut 8 vinninga í 9 skákum. **Lenka Ptácníková** varð önnur með 7 vinninga. Bæði fengu keppnisrétt í landsliðsflokki Skákþings Íslands 2022. Þriðji varð **Birkir Ísak Jóhannsson**. Alls tóku 33 skákmenn þátt. Skákstjóri var Ingibjörg Edda Birgisdóttir.

Lokastaðan á Chess-Results.

Nánar á Skák.is

Skákþing Íslands 2022 – áskorendaflokkur

Áskorendaflokkur Skákþings Íslands 2022 fór fram 23. apríl – 1. maí 2022. Fyrstu átta umferðirnar fóru fram í félagsheimili TR en lokaumferðin fór fram við glæsilegar aðstæður í Bankanum – vinnustofu á Selfossi.

Aleksandr Domalchuk-Jonasson (2.169) vann sigur í áskorendaflokki. **Jóhann Ingvason** (2.172) og **Benedikt Briem** (2.062) urðu í 2.–3. sæti með 6½ vinning. Jóhann fékk annað sætið og þar með keppnisrétt í landsliðsflokki eftir oddastigaútreikning.

25 keppendur tóku þátt. Ingibjörg Edda Birgisdóttir var skákstjóri.

Lokastaðan á Chess-Results

Íslandsmót skákfélaga 2021–2022

Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga fór fram 30. september – 4. október 2021 og sá síðari fór fram 3.–6. mars 2022. Afar ánægjulegt var að mótið gat farið fram á hefðbundinn hátt í fyrsta sinn síðan 2018–2019 eftir heimsfaraldurinn. Keppnistímabilið sem hófst haustið 2019 lauk í maí 2021. Í fyrsta skipti fór fram keppni í úrvalsdeild.

Taflfélag Reykjavíkur varð Íslandsmeistari skákfélaga í fyrsta sinn síðan 2008. Taflfélag Garðabæjar veitti TR harða keppni en gaf eftir í lokin og endaði í öðru sæti. Víkingaklúbburinn varð í þriðja sæti eftir góðan endasprett. Skákfélag Akureyrar féll úr úrvalsdeild.

Lokastaða úrvalsdeildar

1. deild

Svo fór að **Skákdeild KR** náði naumlega efsta sætinu eftir harða baráttu við **Taflfélag Vestmannaeyja**. KR fær því sæti í úrvalsdeild. TV lenti í öðru sæti og **Skákfélag Selfoss og nágrennis** í því þriðja.

B-sveit Víkingaklúbbsins og c-sveit Taflfélags Garðabæjar féllu í 2. Deild.

Lokastaða 1. deildar

2. deild

B-sveit Breiðabliks vann öruggan sigur. **Skákdeild Hauka** náði öðru sæti og sæti í 1. deild eftir frábæran endasprett og æsispennandi baráttu í lokaumferðinni. **Hrókar alls fagnaðar** enduðu í 3. sæti.

B-sveit Skákdeildar Fjölnis og d-sveit TG féllu niður í 3. deild.

Lokstaða 2. deildar

3. deild

D-sveit Taflfélags Reykjavíkur vann öruggan sigur. **Vinaskákfélagið** fylgir henni í 2. deild að ári. **C-sveit Skákfélags Akureyrar** endaði í 3. sæti.

B-sveit Hróka alls fagnaðar og c-sveit SSON féllu niður í 4. deild.

Lokastaða 3. deildar

4. deild

Skákfélag Sauðárkróks vann öruggan sigur, en sveitin hlaut fullt hús stiga. **E-sveit TR** endaði í öðru sæti og fær sæti í 3. deild að ári. **C-sveit Breiðabliks** endaði í þriðja sæti.

Lokastaðan í 4. deild

Íslandsmót unglingasveita 2021

Skákdeild Breiðabliks er Íslandsmeistari barna- og unglingasveita sem fram fór í skákhöllinni, Faxafeni 12, 5. desember 2021. Vegna sóttvarnatakmarkana þurfti að skipta mótinu upp í a-deild (þar sem bestu liðin tefldu) og b-deild (þar sem óreyndari lið tefldu). Níu lið tóku þátt í a-deildinni en Akureyringar þurftu því miður að hætta við þátttöku vegna slæmrar veðurspár.

Vitað var að spenna yrði mikil í a-deildinni á milli Skákdeildar Breiðabliks og ríkjandi Íslandsmeistara **Taflfélags Reykjavíkur**. Sveitirnar mættust í 3. umferð og þar fór svo að Breiðablik vann 3-1 sigur.

Segja má að sigurinn hafi lagt grunninn að sigri Blika, en þegar upp var staðið munaði 2½ vinningi á sveitunum. B-sveit Blika endaði í þriðja sæti, aðeins vinningi á eftir TR.

Það segir margt um sterka stöðu Breiðabliks að sveitir frá félaginu enduðu í 3.–5. sæti.

Lokastaðan í Chess-Results.

Sveit Íslandsmeistara Breiðabliks skipuðu:

1. Benedikt Briem 7 v. af 8
2. Gunnar Erik Guðmundsson 8 v. af 8
3. Matthías Björgvin Kjartansson 8 v. af 8
4. Mikael Bjarki Heiðarsson 6 v. af 8

Liðsstjóri var Birkir Karl Sigurðsson.

Silfursveit TR: Daði Ómarsson liðsstjóri, Iðunn, Adam, Ingvar Wu og Benedikt.

1. Benedikt Þórisson 6½ v. af 8
2. Ingvar Wu Skarphéðinsson 6½ v. af 8
3. Adam Omarsson 6 v. af 7
4. Iðunn Helgadóttir 7 v. af 8

Bronssveit b-sveitar Breiðabliks: Birkir Karl Sigurðsson liðsstjóri, Jóhann Helgi, Sigurður Páll, Þorsteinn og Tómas.

1. Þorsteinn Jakob Þorsteinsson 6 v. af 8
2. Tómas Möller 6½ v. af 8
3. Jóhann Helgi Hreinsson 5 v. af 8
4. Sigurður Páll Guðnýjarson 8 v. af 8

Lokastöðuna má á Chess-Results

Í b-deild þurfti að skipta í tvo riðla vegna 50 manna samkomutakmarkana. Efstu sveitirnar úr hvorum riðli tefldu til úrslita en sveitirnar sem enduðu í öðru sæti í sínum riðli fengu báðar brons.

Svo fór að b-sveit Fjölnis og d-sveit TR unnu undanrásariðla og tefldu til úrslita Þar vann b-sveit Fjölnis öruggan 6-2 sigur og var þar með Íslandsmeistari í b-deild.

B-sveit Fjölnis skipuðu:

1. Tristan Fannar Jónsson
2. Emil Kári Jónsson
3. Sindri Snær Hjaltason
4. Theódór Eiríksson
5. Ómar Jón Kjartansson

Nánar á Skák.is

Friðriksmót Landsbankans – Íslandsmótið í hraðskák 2021

Friðriksmót Landsbankans – Íslandsmótið í hraðskák fór fram í aðalútibúi bankans, Austurstræti 11, laugardaginn 11. desember Alls tóku 40 keppendur þátt en ekki var hægt að hafa mótið galopið að þessu sinni vegna 50 manna samkomutakmarkana. Mótið er væntanlega það síðasta á núverandi keppnisstað, þar sem bankinn opnar nýjar höfuðstöðvar árið 2022.

Mótið var hins vegar vel skipað. Meðal keppenda voru sjö stórmeistarar og fimm alþjóðlegir meistarar.

Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri áhættustýringarsviðs, lék fyrsta leikinn fyrir **Hjörvar Stein Grétarsson** á fyrsta borði. Bergsteinn lofaði því í upphafsræðu sinni að beita sér fyrir því að mótið yrði áfram haldið í bankanum.

Hart var barist og skiptust menn á að vera í forystu á mótinu. **Helgi Áss Grétarsson** var einn efstur með fullt hús eftir fimm umferðir. Hjörvar Steinn var efstur með 7½ vinning eftir 9 umferðir en tapaði þá fyrir **Davíð Kjartanssyni**. Helgarnir voru efstir fyrir lokaumferðina. Helgi Ólafsson vann þá **Arnar Milutin Heiðarsson** en Helgi Áss tapaði fyrir **Braga Þorfinnssyni**.

Helgi Ólafsson vann því mótið með 9 vinningum. Hjörvar Steinn varð annar með 8½ vinning. Helgi Áss, **Guðmundur Kjartansson** og Vignir Vatnar urðu í 3.–5. sæti með 8 vinninga.

Helgi, sem er 65 ára, er að öllum líkindum elsti keppandinn í skáksögunni til að vera Íslandsmeistari í skák í opnum flokki og væntanlega eru ekki mörg slík dæmi í öðrum íþróttagreinum!

Þetta er í sjöunda sinn sem Helgi verður Íslandsmeistari í hraðskák. Hann vann mótið fyrst 1974 og svo aftur 1976, 1977, 1979, 2002 og 2013. Sennilega er þarna á ferðinni annað met, en ritstjóri dregur í efa að það hafi áður gerst að 47 ár hafi liðið á milli þess að menn hafi orðið Íslandsmeistarar í skák í opnum flokki. Og væntanlega ekki algengt í neinni annarri íþróttagrein!

Lenka Ptácníková hlaut kvennaverðlaun mótsins. Þar sem mótið var ekki öllum opið voru ekki hin hefðbundnu stiga- og aldurstengdu verðlaun. Þessi í stað voru veitt verðlaun fyrir bestan árangur í samanburði við eigin skákstig. Þau hlutu þrír ungir og efnilegir skákmenn.

1. Ingvar Wu Skarphéðinsson (+370)
2. Benedikt Þórisson (+362)
3. Markús Orri Jóhannsson (+348)

Skákstjórn önnuðust Gunnar Björnsson og Ólafur S. Ásgrímsson. Ingvar Þór Jóhannesson var tæknistjóri og annaðist beinar útsendingar og lýsingar.

Skáksambandið þakkar Landsbankanum kærlega fyrir ómetanlegan stuðning við mótið. Mótið nú var átjánda Friðriksmótið.

Nánar á Skák.is.

Íslandsmót kvenna í hraðskák 2021

Íslandsmót kvenna í hraðskák fór fram í fyrsta skipti 6. júní 2021. 13 konur tóku þátt og var hart barist og mikið um óvænt um úrslit. Svo fór að **Guðlaug Þorsteinsdóttir** og **Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** komu jafnar í mark með 6 vinninga eftir sjö umferðir. Jóhanna vann úrslitakeppni þeirra á milli.

Lenka Ptácníková varð í þriðja sæti með 4½ vinning.

Veitt voru sérstök unglingaverðlaun. Iðunn Helgadóttir varð efst þeirra með 4 vinninga. Ungu stúlkurnar fjórar fá allar verðlaun, skákbóka- eða skákmyndastyrk frá SÍ að verðmæti 5.000 kr.

Lokastöðu mótsins má finna á Chess-Results.

Teflt var í húsnæði Siglingafélagsins Ýmis, þar sem landsliðsflokkur 2021 fór fram.

Íslandsmótið í atskák 2021

Íslandsmótið í atskák fór fram 27.–28. desember í skákhöll TR, Faxafeni 12. Stórmeistarinn **Hjörvar Steinn Grétarsson** hlaut 8½ vinning í umferðunum níu.

Alþjóðlegi meistarinn **Vignir Vagnar Stefánsson** varð annar með 8 vinninga. Varaformaður TR, **Gauti Páll Jónsson**, varð þriðji með 6 vinninga.

Lokastaðan á Chess-Results.

22 keppendur tóku þátt og hefðu sjálfsagt orðið töluvert fleiri hefði ekki komið til nýrrar og öflugar bylgju heimsfaraldurs kórónuveirunnar skömmu fyrir mót.

Ríkharður Sveinsson og Jon Olav Fivelstad voru skákstjórar mótsins.

Nánar á Skák.is.

Ungmennameistaramót Íslands 2021 (u22)

Alexander Oliver Mai vann Unglingameistaramót Íslands (u22) – Meistaramót Skákskóla Íslands sem fram fór helgina 17.–19. desember. Mótið var gríðarlega spennandi og skemmtilegt. Með sigrinum fékk Alexander Oliver keppnisrétt í landsliðsflokki Íslandsmótsins í skák 2022.

Alexander var í 2.–3. sæti fyrir lokaumferðina, jafn **Birni Hólm Birkissyni** (2.070). Alex mætti **Birki Ísaki Jóhannssyni** (2.088) sem var efstur en Björn tefldi við **Vigni Vatnar Stefánsson** (2.457). Vignir vann sína skák og því var ljóst að skák Alexanders og Birkis var hrein úrslitaskák. Svo fór að Alex vann snaggaralegan sigur og varð þar með unglingameistari Íslands og jafnframt skákmeistari Skákskóla Íslands.

Birkir Ísak og Vignir Vatnar urðu í 2.–3. sæti. Birkir fékk silfrið á oddastigum.

Verðlaunahafar urðu annars sem hér segir:

1. Alexander Oliver Mai
2. Birkir Ísak Jóhannsson
3. Vignir Vatnar Stefánsson
4. Björn Hólm Birkisson
5. Arnar Milutin Heiðarsson

Verðlaunahafar í stigaflokkum:

U 2.000 Elo

1. Sverrir Hákonarson

U 1.800 Elo

1. Benedikt Þórisson

Lokastaðan á Chess-Results.

Skákstjóri var **Helgi Ólafsson**. Honum til aðstoðar var **Páll Sigurðsson**. **Ingvar Þór Jóhannsson** sá um tæknimál og tryggði það að við gætum fylgst með mótinu í beinni heiman frá okkur.

Nánar á Skák.is.

Íslandsmót ungmenna 2021

Íslandsmót ungmenna fór fram á Akureyri laugardaginn 30. október. Mótshaldari var Skákfélag Akureyrar. Þátttaka á mótinu var góð og flestir af sterkustu skákkrökkum landsins mættir til leiks. Teflt var í Brekkuskóla við góðar aðstæður. Skáksalurinn var hæfilega stór og fyrir framan salinn var annað rými sem foreldrar gátu nýtt sér sem afdrep og keppendur hvílst og nærst milli umferða.

Íslandsmeistararnir fimm: Benedikt (u16), Ingvar Wu (u14), Mikael Bjarki (u12), Sigurður Páll (u10) og Birkir (u8).

Níu Íslandsmeistarar voru krýndir. Fimm strákar og fjórar stelpur.

Teflt var í tveimur flokkum; u8 og u10 tefldu saman og svo u12, u14 og u16.

Íslandsmeistarar stúlkna: Sigrún Tara (u10), Guðrún Fanney (u12), Iðunn (u14) og Halldóra (u8)

Úrslit urðu sem hér segir:

Flokkur 8 ára og yngri, strákar

1. Birkir Hallmundarson, Breiðabliki
2. Tristan Fannar Jónsson, Fjölni
3. Oliver Kovacik, Breiðabliki

Flokkur 8 ára og yngri, stúlkur

1. Halldóra Jónsdóttir, Breiðabliki
2. Andrea Haraldsdóttir, Breiðabliki
3. Elsa María Aðalgeirsdóttir, Fjölni

Flokkur 9–10 ára, strákar

1. Sigurður Páll Guðnýjarson, Breiðabliki
2. Örvar Hólm Brynjarsson, Breiðabliki
3. Jósef Omarsson, Taflfélagi Reykjavíkur

Flokkur 9–10 ára, stúlkur

1. Sigrún Tara Sigurðardóttir, Fjölni
2. Emilía Embla B. Berglindardóttir, Fjölni
3. Tara Líf Ingadóttir, Fjölni

Lokstaðan í Chess-Results.

Flokkur 11–12 ára, strákar

1. Mikael Bjarki Heiðarsson Breiðabliki
2. Matthías Björgvin Kjartansson Breiðabliki
3. Markús Orri Jóhannsson Breiðabliki

Flokkur 11–12 ára, stúlkur

1. Guðrún Fanney Briem, Breiðabliki
2. Þórhildur Helgadóttir, Breiðabliki
3. Nikola Klimaszewska, Fjölni

Flokkur 13–14 ára, strákar

1. Ingvar Wu Skarphéðinsson, Taflfélagi Reykjavíkur
2. Adam Omarsson, Taflfélagi Reykjavíkur
3. Gunnar Erik Guðmundsson, Breiðabliki

Flokkur 13–14 ára, stúlkur

1. Iðunn Helgadóttir, Taflfélagi Reykjavíkur
2. Bergþóra Helga Gunnarsdóttir, Taflfélagi Reykjavíkur

Flokkur 15–16, ára, strákar

1. Benedikt Þórisson, Taflfélagi Reykjavíkur
2. Sigurður Rúnar Gunnarsson, Víkingaklúbbnum

Lokastaðan á Chess-Results.

Íslandsmót grunnskólasveita 2022

Að þessu sinni fóru öll skólasveitamótin fram sömu helgina, 12.–14. mars. Tilraun sem rekja má til Covid og gekk bara vel.

Vatnsendaskóli vann sigur á Íslandsmóti grunnskólasveita eftir æsispennandi mót þar sem þrjár sveitir börðust um sigur á mótinu. Svo fór að Vatnsendaskóli hlaut 23½ vinning en **Lindaskóli** og **Landakotsskóli** fengu 23 vinninga.

Lokastaðan á Chess-Results

Sveit Íslandsmeistara Vatnsendaskóla skipuðu:

1. Mikael Bjarki Heiðarsson
2. Tómas Möller
3. Jóhann Helgi Hreinsson
4. Arnar Logi Kjartansson
5. Guðmundur Orri Sveinbjörnsson

Liðsstjóri var **Einar Ólafsson.**

Sjá nánar á Skák.is

Íslandsmót barnaskólasveita 2022

Vatnsendaskóli vann sigur á Íslandsmóti barnaskólasveita sem fram fór 12. mars. Þriðja árið í röð sem Vatnsendaskóli vinnur mótið. Baráttan var hörð á milli skólans og Lindaskóla en þessar tvær sveitir höfðu mikla yfirburði.

Lokastaðan

Svo fór að Vatnsendaskóli vann Lindaskóla 3–1 í þriðju umferð í viðureign sem reyndist úrslitaviðureign því í lokin munaði aðeins 1½ vinningi á milli sveitanna.

Sveit Íslandsmeistara Vatnsendaskóla skipuðu:

1. Mikael Bjarki Heiðarsson
2. Jóhann Helgi Hreinsson
3. Arnar Logi Kjartansson
4. Guðmundur Orri Sveinbjörnsson

Liðsstjóri var **Einar Ólafsson.**

Liðið fær keppnisrétt á NM í skólaskák sem fram fer í Danmörku í haust. Mótið hefur fallið niður tvisvar en ætti nú loks að geta farið fram!

B-sveit Lindaskóla tók bronsið og var einnig efst b-sveita.

Rimaskóli fékk verðlaun fyrir bestan árangur c-, d- og e-liða og líka b-sveita þar sem b-sveit Lindaskóla hafði þegar fengið verðlaun.

Nánar á Skák.is

Íslandsmót barnaskólasveita, 1.–3. bekkur

Mótið fór fram 11. mars í Rimaskóla. Svo fór að Smáraskóli vann sannfærandi sigur á Íslandsmóti 1.–3. bekkjar. Sveitin hlaut 24½ vinning af 28 mögulegum. Fyrsti sigur Smáraskóla á þessu móti.

Sveit Íslandsmeistara Smáraskóla skipuðu:

1. Halldóra Jónsdóttir (4/6)
2. Kristján Freyr Páluson (6/6)
3. Ásgeir Smári Darrason (6/6)
4. Andrea Haraldsdóttir (3½/5)
5. Sóley Una Guðmundsdóttir (5/5)

Liðsstjóri var **Jón Valentínusson**.

Rimaskóli varð í öðru sæti með 22 vinninga. Eina sveitin sem náði að veita Smáraskóla einhverja keppni.

Árangur sveitarinnar í þriðja sæti vakti hins vegar gríðarlega athygli, en þar endaði leikskólinn Laufásborg. Gríðarlega eftirtektarverður árangur sem skákkennarinn **Omar Salama** hefur náð þar. Þetta er í fyrsta skipti sem leikskóli nær viðlíka árangri.

Lokastaðan á Chess-Results

Nánar á Skák.is.

Íslandsmót grunnskólasveita 2022, stúlknaflokkur

Rimaskóli vann þrefaldan öruggan sigur á Íslandsmóti grunnskólasveita – stúlknaflokki sem fram fór 19. mars 2022.

1.–2. bekkur

Aðeins tvær sveitir tóku þátt, Rimaskóli og Álfhólsskóli. Rimaskóli vann öruggan sigur og tók gullið en Álfhólsskóli silfrið.

Lið Íslandsmeistara Rimaskóla skipuðu: Aðalheiður Birna Bragadóttir, Bríet Alexandra Einarsdóttir, Jóhanna Lilja Vignisdóttir og Margrét Einarsdóttir.

Lokastaðan á Chess-Results.

3.–5. bekkur

Góð þátttaka var í flokknum, en 9 sveitir tóku þátt. Rimaskóli vann sannfærandi sigur, hlaut 19½ vinning af 20 mögulegum. C- og b-sveitir Rimaskóla tóku silfur og brons.

Lið Íslandsmeistara Rimaskóla skipuðu: Hrafndís Karen Óskarsdóttir, Tara Líf Ingadóttir, Emilía Embla B. Berglindardóttir og Sigrún Tara Sigurðardóttir.

Lokastaðan á Chess-Results

6.–10. bekkur

Fjórar sveitir tóku þátt. Rimaskóli vann öruggan sigur. Hörðuvallaskóli varð í öðru sæti og Vogaskóli í því þriðja.

Lið Íslandsmeistara Rimaskóla skipuðu Sóley Kría Helgadóttir, Nikola Klimaszweska, Laufey Björk Vignisdóttir, María Lena Óskarsdóttir og Heiðdís Diljá Hjartardóttir.

Lokastaðan á Chess-Results

Helgi Árnason og Jóhann Arnar Finnsson voru liðsstjórar Rimaskólasveitanna.

Landsmótið í skólaskák 2022

Landsmótið í skólaskák féll niður vorið 2021. Undankeppni fyrir landsmótið 2022 fór fram á Chess.com 19. maí. Úrslitakeppnin fer fram 28. og 29. maí 2022.

Íslandsmót öldunga 2021

Íslandsmót öldunga 2021 fór fram 12.–21. nóvember. Mót var æsispennandi. Svo fór að þrír komu jafnir og efstir í mark: Þór Valtýsson, Björgvin Víglundsson og Júlís Friðjónsson. Svo fór að Þór hreppti titilinn eftir stigaútreikning, Björgvin, fráfarandi meistari frá 2019, fékk silfrið og Júlíus bronsið. Þess má geta að mótið féll niður árið 2020 vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Júlíus hlaut verðlaunin í 70+, Þór í 75+ og Páll G. Jónsson í 85+.

Nánar á Skák.is

Íslandsmótið í Fischer-slembiskák 2021

Mótið fór ekki fram á liðnu starfsári.

Kviku Reykjavíkurskákmótið – EM einstaklinga 2021

Reykjavíkurskákmótið 2021 – EM einstaklinga fór fram 26. ágúst – 5. september í Hótel Natura.

Á ýmsu gekk í undirbúningi mótsins. Reykjavíkurskákmótinu 2020 var frestað og upphaflega átti að halda mótið 2021 að vori til. Það gekk ekki eftir.

Alls tóku 180 skákmenn þátt í mótinu. Ef ekki hefði verið heimsfaraldur hefði mátt búast við tvöfalt meiri þátttöku. Mótshaldið gekk vel en einn keppandi fékk þó Covid og tveir þurftu að fara í sóttkví vegna þessa.

Efstir og jafnir urðu Rússinn **Anton Demchenko** og Þjóðverjinn **Vincent Keymer**. Demchenko var með hærri oddastig og varð því Evrópumeistari. **Helgi Áss Grétarsson** varð efstur Íslendinga.

Mótsstjóri var Gunnar Björnsson. Stjórn SÍ skipaði mótsstjórn ásamt Omar Salama, Kristjáni Erni Elíassyni og Róberti Lagerman.

Auk Omars, Kristjáns og Róberts voru Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Jon Olav Fivelstad, Páll Sigurðsson og Ríkharður Sveinsson innlendir skákstjórar.

Aðrir starfsmenn utan stjórnar voru Ingvar Þór Jóhannesson, Auðbergur Magnússon, Ingi Tandri Traustason, Hjálmar Hrafn Sigurvaldason, Aðalsteinn Thorarensen, Þorsteinn Magnússon, Daði Ómarsson, Hildur Berglind Jóhannsdóttir og Þórdís Agla Jóhannsdóttir.

Nánar á heimasíðu ECU.

Kviku Reykjavíkurskákmótið 2022

Kviku Reykjavíkurskákmótið fór fram 6.–12. apríl 2022 í Hörpu. Mótið var vel sótt, en þátt tóku 245 skákmenn frá 39 löndum. Þar af voru 22 stórmeistarar. 71 íslenskur skákmaður tók þátt í mótinu en 174 erlendir.

Mótið var stytt í níu umferðir og teflt á sjö dögum. Segja má að sú nýbreytni hafi almennt fallið í góðan jarðveg.

Indverski stórmeistarinn Rameshbabu Praggnanandhaa vann sigur á mótinu. Hjörvar Steinn Grétarsson varð í 2.–5. sæti og efstur Íslendinga.

Yfirdómari mótsins var Kristján Örn Elíasson. Í skákstjórn auk hans voru Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Róbert Lagerman, Páll Sigurðsson, Hallfríður Sigurðardóttir, Ríkharður Sveinsson, Sæmundur Einarsson, Auðbergur Magnússon, Daði Ómarsson og Ólafur Ásgrímsson. Auk þeirra voru Björn Ívar Karlsson og Ingvar Þór Jóhannesson í lykilhlutverkum. Hjálmar Hrafn Sigurvaldason hjálpaði til af miklum myndarskap.

Nánar á Skák.is

Einvígi Vignis og Tiger Hillarp Persson

Vignir Vatnar Stefánsson og Tiger Hillarp Persson tefldu einvígi 4.–7. október 2021. Tilgangur einvígisins var að styðja við Vigni sem skákmann og finna til þess sterkan mótherja.

Svo fór að Vignir vann fremur sannfærandi sigur í einvíginu, 2½-1½. Vignir vann aðra einvígisskákina en öðrum skákum lauk með jafntefli. Vignir var aldrei í alvarlegri taphættu í einvíginu.

Skáksamband Íslands stóð fyrir einvíginu í góðri samvinnu við **Skákskóla Íslands, Skákdeild Breiðabliks**, **Skákfélag Akureyrar** og **Vinnustofu Kjarvals**.

Hugmyndafræðingur og frumkvöðull að framkvæmdinni var Stefán Bergsson en Kristján Örn Elíasson og Gunnar Björnsson sáu um skákstjórn.

Nánar á Skák.is

Skák á Reykjavíkurleikunum – RIG 2022

Skák var í fyrsta skipti hluti Reykjavíkurleikanna (Reykjavik International Games) – RIG 2022. Hápunktur RIG var landskeppni fjögurra þjóða sem fram fór í sjónvarpinu 29. janúar.

Laugardaginn 28. janúar fór fram RIG Open 2022, hraðskákmót þar sem sterkustu skákmenn þjóðarinnar tóku þátt ásamt hinum erlendu gestum. Vegna Covid-takmarkana gátu mest um 40 skákmenn tekið þátt.

Stórmeistarinn **Hannes Hlífar Stefánsson** var í banastuði og vann góðan sigur á mótinu. Annar varð danski stórmeistarinn **Mads Andersen**. Stórmeistararnir **Guðmundur Kjartansson** og **Þröstur Þórhallsson** urðu í 3.–4. sæti.

Danska skákkonan **Ellen Fredericia Nilssen** varð efst kvenna. **Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** varð önnur og **Lenka Ptácníková** þriðja.

Lokastaðan á Chess-Results.

Nánar á Skák.is.

Danir unnu landskeppnina á Reykjavíkurleikunum með sigri á Svíum í úrslitum. Íslendingar enduðu í fjórða sæti eftir tap gegn Svíum í undanúrslitum eftir bráðabana og gegn Norðmönnum í viðureign um bronsið. Fyrir hönd hvers liðs tefldu karl og kona. Fulltrúar Íslands voru Hjörvar Steinn Grétarsson og Lenka Ptácníková.

Undanúrslit

Danir unnu Norðmenn örugglega að velli 3½–½.

Baráttan á milli Íslendinga og Svía var hins vegar hnífjöfn. Hjörvar vann fyrri skákina en Lenka tapaði. Bæði gerðu þau jafntefli í seinni skákinni. Staðan því 2–2 og bráðabanaskák.

Þá var dregið um hvort þeirra myndi tefla bráðabanaskákina. Það reyndist vera Hjörvar. Hann fékk svart, sem þýddi að hann fékk 4 mínútur gegn 5 mínútum. Jafntefli myndi hins vegar duga honum og Íslandi. Hjörvar tapaði hins vegar skákinni.

Ísland mætti því Norðmönnum í viðureign um 3. sæti. Fyrri viðureignin tapaðist 0–2. Mun betur gekk í seinni umferðinni, þegar 1½ vinningur kom í hús. Það dugði hins vegar ekki til og þriðja sætið var niðurstaðan.

Fyrri úrslitaviðureign Dana og Svía fór 1–1. Danirnir unnu hins vegar síðari viðureignina 1½–½.

Fyrir hönd Dana tefldu stórmeistarinn Mads Andersen og Ellen Fredericia Nilssen. Stóðu þau sig bæði afar vel, voru taplaus og hlutu 3 vinninga í skákunum fjórum.

Lokastaðan:

1. Danmörk
2. Svíþjóð
3. Noregur
4. Ísland

Skákin var í beinni á RÚV og var útsendingin í umsjón Ingvars Þór Jóhannessonar og Jóhönnu Bjargar Jóhannsdóttur. Jóhann Hjartarson kíkti við í heimsókn. Omar Salama var skákstjóri.

Þetta er í fyrsta skipti sem skák er hlut af Reykjavíkurleikunum og er Skáksambandið mjög þakklátt ÍBR fyrir að bjóða því að taka þátt. Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR, lék fyrsta leik landskeppninnar.

Sjá nánar á Skák.is.

Mjóddarmótið í skák

Mjóddarmótið í skák fór fram í göngugötunni í Mjódd 26. júní. Mótið var í senn vel sótt og sterkt, en meðal keppenda voru tveir stórmeistarar og fjórir alþjóðlegir meistarar. Alþjóðlegu meistararnir tóku mótið yfir og enduðu í þremur efstu sætunum. Davíð Kjartansson, sem tefldi fyrir Terra, hlaut 6½ vinning í umferðunum sjö.

Arnar Gunnarsson, sem tefldi fyrir Efnalaugina Björg, varð annar með 6 vinninga, og nýjasti íslenski alþjóðlegi meistarinn, Vignir Vatnar Stefánsson (2.364), sem tefldi fyrri Suzuki-bíla, varð þriðji með 5½ vinning.

Mótið var fyrsta mótið í Sumarmótaröð Reykjavíkur sem SÍ stóð að ásamt TR og Miðbæjarskák.

Fyrsta Mjóddarmótið var haldið 1999. Þetta er í fyrsta skipti sem SÍ stóð fyrir mótshaldinu.

Nánar á Skák.is.

Skákmót og landskeppni erlendis

Norðurlandamót

Norðurlandamót ungmenna 2021 (Norðurlandamótið í skólaskák)

Norðurlandamót ungmenna (NM í skólaskák) fór fram í Þórshöfn í Færeyjum 10.–12. september 2021. Upphaflega átti mótið að fara fram í febrúar en fresta þurfti því vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Íslenski hópurinn uppskar 30½ vinning af 57 mögulegum. Tvenn verðlaun féllu í skaut Íslendingum að þessu sinni. **Vignir Vatnar Stefánsson** endaði í 1.–2. sæti í a-flokki (2. sæti á stigum) og **Benedikt Briem** endaði í 2. sæti í c-flokki. Kristján Dagur Jónsson endaði í 2.–4. sæti í b-flokki (4. sæti á stigum).

Árangur íslensku keppendanna varð sem hér segir:

A-flokkur (u20)

2. Vignir Vatnar Stefánsson 4½ v.
4. Hilmir Freyr Heimisson 3½ v.

B-flokkur (u17)

4. Kristján Dagur Jónsson 4 v.
9. Benedikt Þórisson 1 v.

C-flokkur (u15)

2. Benedikt Briem 4½ v.
9. Gunnar Erik Guðmundsson 2 v.

D-flokkur (u13)

8. Mikael Bjarki Heiðarsson 3 v.
10. Tómas Möller 2 v.

E-flokkur (u11)

8. Jósef Omarsson 3 v.
9. Guðrún Fanney Briem 2½ v.

Fararstjóri hópsins var Björn Ívar Karlsson.

Nánar á Skák.is.

Norðurlandamót grunn- og barnaskólasveita 2021

Norðurlandamóti grunn- og barnaskólasveita 2021 sem átti að fara fram í Danmörku var aflýst vegna heimsfaraldursins.

Norðurlandamót stúlkna 2022

Norðurlandamót stúlkna fór fram í Ósló dagana 13.–15. maí 2022. Var það í fyrsta skipti síðan 2019 að mótið fór fram.

Iðunn Helgadóttir (1.570) og **Guðrún Fanney Briem** (1.416) enduðu báðar í verðlaunasæti.

U-16 flokkurinn

Iðunn fékk einn vinning lokadaginn þegar fjórða og fimmta umferð fóru fram. Hún hlaut 3½ vinning og endaði í 2.–4. sæti. Þriðja sæti eftir stigaútreikning.

Katrín María Jónsdóttir hlaut 1 vinning.

U-13 flokkurinn

Guðrún Fanney Briem (1.416) fékk 4 vinninga og endaði í 1.–3. sæti. Bronsið varð hennar eftir stigaútreikning.

Emilía Embla B. Berglindardóttir og **Þórhildur Helgadóttir** hlutu 2 vinninga og **Sigrún Tara Sigurðardóttir** 1 vinning. Fer í reynslubankann hjá þeim!

Fararstjóri og þjálfari stúlknanna var **Jóhanna Björg Jóhannsdóttir**.

Evrópumót

Starfsemi Skáksambands Evrópu fór á fullt skrið á skákárinu og flest mót voru haldin. EM einstaklinga 2021, sem jafnframt var Kviku Reykjavíkurskákmótið, er gert skil á öðrum stað í ársskýrslunni.

EM landsliða 2021

EM landsliða fór fram í Terme Catez í Slóveníu 12.–21. nóvember 2021. Ísland sendi til leiks lið bæði í opnum flokki og í kvennaflokki.

Liðið í opnum flokki endaði í 25. sæti 39 liða en fyrir fram var því raðað í 27. sæti. Guðmundur Kjartansson dró vagninn, en hann hlaut 7½ í 9 skákum og var taplaus. Eini liðsmaðurinn sem hækkaði á stigum (+15). Frammistaða annarra liðsmanna var skrykkjótt. Liðsstjóri var Margeir Pétursson.

27. Iceland (RtgAvg:2513 / TB1: 8 / TB2: 120,5) Captain: Petursson, Margeir

Bo.		Name	Rtg	FED	FideID	Pts.	Games	Rp
1	GM	Gretarsson Hjorvar Steinn	2574	ISL	2302241	3,0	8,0	2435
2	GM	Stefansson Hannes	2519	ISL	2300087	4,5	8,0	2480
3	GM	Hjartarson Johann	2483	ISL	2300044	1,5	5,0	2297
4	GM	Gretarsson Helgi Ass	2476	ISL	2300699	3,5	6,0	2376
5	GM	Kjartansson Gudmundur	2443	ISL	2301318	7,5	9,0	2598

Kvennaliðið endaði í 27. sæti af 31 liði. Fyrir fram var íslenska liðinu raðað í 29. sæti á stigum. Frammistaðan var prýðileg, en sveitin tefldi við sterkari sveitir í nánast öllum umferðum. Góður sigur á Tyrkjum stóð upp úr. Lenka Ptácníková og Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir fengu 2½ vinning hvor.

29. Iceland (RtgAvg:1991 / TB1: 7 / TB2: 63) Captain: Petursson, Margeir

Bo.		Name	Rtg	FED	FideID	Pts.	Games	Rp
1	WGM	Ptacnikova Lenka	2200	ISL	305650	2,5	8,0	2119
2	WFM	Thorsteinsdottir Hallgerdur	2010	ISL	2302454	2,5	7,0	2092
3		Johannsdottir Johanna Bjorg	1952	ISL	2303108	2,0	7,0	1923
4	WIM	Acevedo Mendez Lisseth	1803	ISL	6502938	1,0	5,0	1813
5		Hauksdottir Hrund	1731	ISL	2302608	1,5	5,0	1795

Nánar á Skák.is

Evrópumót einstaklinga 2022

Evrópumót einstaklinga var haldið í Terme Catez í Slóveníu dagana 27. mars – 6. apríl 2022. Fulltrúar Íslands voru stórmeistararnir Hannes Hlífar Stefánsson og Guðmundur Kjartansson.

Báðir stóðu sig prýðilega. Hannes hlaut 6½ vinning í umferðunum ellefu og endaði í 61. sæti. Guðmundur hlaut 6 vinninga og endaði 89. sæti. Guðmundur byrjaði afskaplega vel og var efstur eftir fjórar umferðir með fullt hús vinninga.

Lokastaðan á Chess-Results.

Nánar á Skák.is

Evrópumót ungmenna 2021 í netskák

EM ungmenna fór fram 15.–21. október 2021 á Tornelo-netþjóninum. Nítján íslensk ungmenni öttu kappi við kollega sína víðs vegar að úr Evrópu. Mótið var að þessu sinni formlegt Evrópumót, reiknað til skákstiga og tefld var kappskák.

Benedikt Briem (u16), Ingvar Wu Skarphéðinsson (u14), Mikael Bjarki Heiðarsson (u12), Matthías Björgvin Kjartansson (u12) og Guðrún Fanney Briem (u12) fengu flesta vinninga íslensku keppendanna, 4 af 9 mögulegum.

Kristján Örn Elíasson var skákstjóri innanlands. Ingvar Þór Jóhannesson var tæknistjóri en auk hans aðstoðuðu Björn Ívar Karlsson og Sæmundur Einarsson við tæknimál. Þjálfun og liðsstjórn krakkanna var á vegum Skákskóla Íslands og var í umsjón Helga Ólafssonar, Braga Þorfinnssonar, Hjörvars Steins Grétarssonar, Hannesar Hlífars Stefánssonar og Guðmundar Kjartanssonar.

Árangur íslensku keppendanna

SNo	Name	Rtg	FED	1	2	3	4	5	6	7	8	9	Pts.	Rk.	Group
34	Hallmundarson Birkir	1132	ISL	0	0	0	0	1	0	1	0	1	3,0	68	U08: Open
63	Omarsson Josef	1274	ISL	0	1	0	½	0	0	0	1	½	3,0	91	U10: Open
78	Gudnyjarson Sigurdur Pall	1212	ISL	0	0	1	0	0	1	1	½	0	3,5	75	U10: Open
98	Eythorsson Engilbert Vidar	0	ISL	0	½	0	0	1	0	1	0	0	2,5	98	U10: Open
52	Heidarsson Mikael Bjarki	1532	ISL	0	0	0	1	0	1	0	1	1	4,0	70	U12: Open
69	Kjartansson Matthias Bjorgvin	1411	ISL	0	1	0	1	0	1	1	0	0	4,0	62	U12: Open
81	Kjartansson Arnar Logi	1315	ISL	0	0	0	½	0	1	0	0	0	1,5	103	U12: Open
